

LÖGMANNABLAÐIÐ

15. árgangur | júní | 2/2009



Lagadagur
2009
Umfjöllun um
málstofur



Pro bono
Samfélagsleg skylda
lögmannna?



Hróbjartur Jónatans-
son skrifar um sam-
skipti lögmannna og
dómstóla





Efnisyfirlit

Af vettvangi félagsins

Borgar Þór Einarsson: Frá ritstjóra	4
Aðalfundur 2009	6
Ályktun stjórnar Lögmannafélags Íslands	7
Lárentsínus Kristjánsson: Pistill formanns	19
Ingimar Ingason: Fjöldi félagsmanna LMFÍ yfir 800	20
Eyrún Ingadóttir: Fréttir frá félagsdeild	22

Lagadagurinn 2009

Sameiginleg málstofa: Stjórnarskrárbreytingar í deiglu	8
Málstofa I: Ábyrgð stjórnenda	9
Málstofa II: Skjól fyrir sköttum eða eðlileg samkeppni um skatta?	10
Málstofa III: Auðlindir nýrrar aldar	11
Málstofa IV: Réttlausir viðskiptavinir? Kröfur til fjármálafyrirtækja og úrlausn ágreinings	12
Málstofa V: Ráðherraábyrgð	13
Málstofa VI: Voru neyðarlögin nauðsynleg? Var gengið of langt eða of skammt með setningu þeirra?	14
Dag skal að kveldi lofa	15

Umfjöllun

Eyrún Ingadóttir: Pro bono publico: Samfélagsleg skylda lögmanna?	16
- Viðtal við Ingimar Ingason: Vegvísir í völundarhúsi laganna	18
- Viðtal við Indriða Þorkelsson: Veitir ekki af þjónustunni	18
Hdl.-námskeið í tíu ár	27
Hróbjartur Jónatansson: Af nauðsynjalausu laganna Reformatio	28

Á léttum nótum

Af Merði lögmanni	23
Tjallar í tuðrutraðki	24
Gönguferð að hliði Helvítis	25
Viðtal við Jóhannes Stefán Ólafsson: „Hef áhuga á að fara í sakamálin“	27
Úr myndasafninu: Arnbjörg Edda ráðin til félagsins	31

Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057
Netfang: lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMADUR:
Borgar Þór Einarsson hdl.

RITSTJÓRN:
Ingvi Snær Einarsson hdl.
Katrín Helga Hallgrímsdóttir hdl.

BLAÐAMADUR:
Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:
Lárentsínus Kristjánsson hrl. formaður.
Hildur Friðleifsdóttir hdl. varaformaður.
Heimir Örn Herbertsson hrl. ritari.
Katrín Helga Hallgrímsdóttir hdl.
gjaldkeri.
Hörður Felix Harðarson hrl.

STARFSMENN LMFÍ:
Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri.
Eyrún Ingadóttir, félagsdeild.
Hjördís J. Hjaltadóttir, ritari.

FORSÍÐUMYND:
Í byrjun sumars stóð félagsdeild LMFÍ fyrir sjóstangaveiðiferð út á sundin blá. F.v.: Ingimar Ingason frkvstj. LMFÍ, Sigurður Sveinsson hdl. og Nína Ingimarsdóttir. Stóra myndin er af Hildi Friðleifsdóttur hdl. og varaformanni LMFÍ. Ljósmyndir: Siv Friðleifsdóttir og Ingimar Ingason.

Blaðið er sent öllum félagsmönnum.

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn
kr. 2000,- + vsk.
Verð pr. tölublað kr. 700,- + vsk.

NETFANG RITSTJÓRNAR:
ritstjori@lmfi.is

PRENTVINNSLA:
Litlaprent ehf.

UMSJÓN AUGLÝSINGA:
Öflun ehf.
Sími 533 4440.
ISSN 1670-2689

UMSÓKNAR-
FRESTUR ER TIL
10. JÚLÍ

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

LL.M í evrópskum viðskipta- og félagarétti

Í júlí næstkomandi hefst nýtt meistaranám við lagadeild Háskólans á Bifröst, sem veitir LL.M gráðu í evrópskum viðskipta- og félagarétti. Námið er 90 einingar (ECTS) og er sérstaklega hugsað fyrir lögfræðinga og lögmennt sem hafa nokkra starfsreynslu, en vilja styrkja stöðu sína og sérhæfa sig í Evrópurétti. Námið er skipulagt sem hlutanám, þannig að unnt sé að stunda það með vinnu. Kennit verður á ensku.

Allar nánari upplýsingar má nálgast á vef Háskólans á Bifröst, www.bifrost.is.

FRUMGREINAEILD:

- Staðnám
- Fjarnám

SÍMENNTUN:

- Máttur kvenna
- Diplómanám í verslunarstjórnun
- Rekstur smærri fyrirtækja
- Ýmis námskeið

LAGAEILD:

- BS í viðskiptalögfræði
- ML í lögfræði
- MA í skattarétti
- LL.M í evrópskum viðskipta- og félagarétti

FÉLAGSVÍSINDAEILD:

- BA í heimspeki, hagfræði og stjórn málafræði
- BA í alþjóðafræði
- MA í menningarstjórnun
- MA í Evrópufræðum

VIÐSKIPTAEILD:

- BS í viðskiptafræði, stað- og fjarnám
- BS in Business Administration
- MS in International Finance and Banking
- MS in International Business
- MS í stjórnun heilbrigðisþjónustu
- Opið markaðsnám

ANNÆÐ:

- Prisma, diplómanám í samvinnu við LHÍ
- Opið meistaranám í öllum deildum



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY



Borgar Þór Einarsson hdl.

Engin stemmning fyrir skynseminni

Það er lítil stemmning fyrir skynseminni í íslensku samfélagi um þessar mundir. Mennt sem hvetja fólk til hætta að borga af lánunum sínum eru vegsamaðir og þeir sem ganga enn lengra og eyðileggja veðsett hús sín eru taldir hetjur. Það eru ekki endilega uppátækin sem slík sem vekja ugg - menn eru jú óútreiknanlegir - heldur eru það viðbrögð samfélagsins, eða kannski öllu heldur fjölmiðla og þeirra álitsgjafa sem hampað er á þeim vettvangi. En sennilega ætti það enn síður að koma á óvart - „Geðbilun er fátíð meðal einstaklinga en hjá hópum, flokkum og þjóðum er hún regla,“ sagði Friedrich Nietzsche.

Efnahagslegar þrengingar eru frjósamur akur fyrir alhæfingar, öfgar, normaveiðar og einfaldar skýringar. Vandamálin sem fjölmiðlar draga upp á hverjum degi eru öllu venjulegu fólki yfirþyrmandi. Þess vegna fá þeir hljómgrunn sem bera á borð fordæmingu í forrétt, skyndilausnir og alhæfingar í aðalrétt og svo aftöku án dóms og laga í desert. Það er það sem fólk skilur – og því líður vel á eftir. Undir þessum kræsingum við hlaðborð hinnar heilögu reiði, eru þeir sem tala fyrir fyrir réttlátri málsmeðferð, óvilhöllum dómstólum og öðrum grundvallarreglum réttarríkisins einfaldlega úr öllum takti.

Í þessum þunga straumi eiga þeir erfitt uppdráttar sem leitast við að synda andstreymis. Þeir sem eru nú á skjön við stemmninguna í samfélaginu fá það óþvegið í hvert sinn sem þeir voga sér að benda á að eitthvað sé nú rotið í Alþýðulýðveldinu nýja. Nýlegt dæmi um hæstaréttarlögmann, sem leyfði sér að vekja máls á því að erlendir „ráðgjafi“ ákærvalds hefði mögulega bakað sér vanhæfi með yfirlýsingum um sakir tiltekinna manna, sýnir að þeir eru eftir sem áður til sem láta sig hafa það - að standa með skynseminni. Mikilvægt er að fleiri leggi lód sín á þær vogarskálar og sérstaklega er ánægjulegt að sjá að stjórn Lögmannafélagsins hefur nú gert það með afgerandi hætti í nýlegri ályktun.

Stemmningin í samfélaginu er afsprengi af blindri reiði, að ýmsu leyti réttlátri en engu að síður blindri. Á nákvæmlega sama hátt og trú okkar í blindni á eigin getu og einstaka hæfileika leiddi okkur í ógöngur þá mun ríkjandi stemmning endanlega gera út um möguleika okkar á því að vinna til baka það sem tapast hefur. Færa má fyrir því gild rök að það hafi verið skortur á gagnrýnni hugsun í samfélaginu sem leiddi okkur í ógöngur - skortur á gagnrýnni hugsun innan fyrirtækjanna, innan stjórnmalaflokk-

anna og stjórnkerfisins, og meðal einstaklinga sem skuldsettu sig í óbilandi trú um eilífan uppgang. Fæstir vildu þá opinbera fákunnáttu sína gagnvart þeim töfrabrögðum sem gerðu íslenskum viðskiptamönnum kleift að kaupa sífellt fleiri útlend risafyrirtæki og skila sífellt fjarstæðukenndari hagnaðartölum. Það er kaldhæðnislegt að sömu eiginlegar skuli eiga stærstan þátt í því núna að búa til þá stemmningu sem tröllríður samfélaginu; að fylgja straumnum í blindni og þora ekki að leggja eigið mat á staðreyndir.

Þeir sem eyðileggja veðsettu húsin sín eða hvetja fólk til lögbrotu með því að efna ekki samningsskyldur sínar eru ekki hetjur. Þeir sem ekki virða grundvallarreglur réttarríkisins um réttláta málsmeðferð eru það ekki heldur. Hetjur Íslands nú eru þeir sem eru reiðubúnir að taka upp hanskann fyrir skynseminna og andæfa stemmningunni. Það er svo miklu meira í húfi en mæla má með stíku hagfræðinnar. Alltaf má fá annað skip, en ef við týnum sjálfum okkur er skaðinn óbætanlegur.

Átt þú verðmæti eða gögn sem þurfa að vera
ÖRUGG?

KORTER.I.S



Eitt mesta úrval landsins af öryggiskápum fyrir fyrirtæki og einstaklinga

Hafðu samband við sölumenn okkar og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig

www.optima.is



ROSENGRENS

Öryggis- og peningaskápar



BISLEY

Skjala- og skrifstofuskápar



nashuatec

Prentarar, skannar og ljósritunarvélur

S T O F N A Ð 1 9 5 3

OPTIMA

Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000

Optima er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa

Varnarbarátta í algleymingi

Á aðalfundi Lögmannafélags Íslands 8. maí sl. sagði Lárentínus Kristjánsson hrl., formaður að félagið hefði á síðasta starfsári sínu háð varnarbaráttu til að viðhalda grundvallargildum í þjóðfélaginu og löggjöf hér á landi.

Stjórn félagsins gerði alvarlegar athugasemdir við starfshætti Alþingis í desember 2008 vegna lagasetningar í tengslum við hrun íslenska fjármálakerfisins. Fjöldi frumvarpa sem vörðuðu grundvallarmálefni fóru í gegnum þingið á miklum hraða og oft á tíðum var óskað umsagna Lögmannafélagsins með mjög skömmum fyrirvara. Mikið álag var á laganevnd félagsins og þakkaði Lárentínus nefndinni sérstaklega fyrir óeigingjarnt starf.

Atlaga að þagnarskyldu

Lárentínus sagði að atlaga hefði verið gerð að grundvallarréttindum þegar lagt hafi verið til að afnema þagnarskyldu lögmanna með frumvarpi til laga um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða. Hafi Lögmannafélagið meðal annars leitað til forseta Alþingis og átalið vinnubrögð löggjafans. Tekist hafi að hrinda atlögunni og kom sem betur fer ekki til þess að erlend lögmannaamtök þyrftu að beita sér en það sýndi alvarleika málsins að slíkt hafi yfirhöfuð þótt koma til greina.

Störf verjenda og réttargæslumanna

Lárentínus sagði að upp á síðkastið hefðu eldri hugmyndir um að fara einhvers konar útboðsleið hvað varðar störf verjenda og réttargæslumanna verið endurvaktar. Stjórn Lögmannafélagsins hefði mótmælt þessu en viðbúið væri að atlaga yrði gerð að kerfinu fljótlega sem lögmenn og félagið þyrftu að bregðast skjótt við.



Lárentínus Kristjánsson hrl., formaður LMFÍ.

Mikilvægi alþjóðlegs samstarfs

Formaðurinn vék jafnframt að erlendu samstarfi félagsins, einkum á vettvangi CCBE og við norræn lögmannafélög. Hann væri sannfærður um að slíkt samstarf væri nauðsynlegt.

Gagnrýni á störf félagsins

Á fundinum kvaddi Ragnar Hall hrl., sér hljóðs og sagðist hafa velt fyrir sér stöðu og hlutverki Lögmannafélagsins með vísan til 2. gr. samþykktu félagsins. Að hans mati hefði félagið ekki rækt þetta hlutverk sitt með nægilega ákveðnum hætti á síðasta starfsári. Ragnar nefndi sérstaklega ákvæði laga nr. 125/2008 um málshöfðunarbann gegn fjármálafyrirtækjum en hann hefði

2. gr. samþykktu LMFÍ hljóðar svo:

Tilgangur félagsins er

- a) að sinna lögboðnu eftirlits- og agavaldi,*
- b) að gæta hagsmuna lögmanna-stéttarinnar,*
- c) að stuðla að samheldni og góðri samvinnu félagsmanna,*
- d) að standa vörð um sjálfstæði lögmanna-stéttarinnar,*
- e) að stuðla að framþróun réttarins og réttaröryggis.*



Ragnar H. Hall hrl.

ekki orðið þess var að stjórn Lögmannafélagsins hefði mótmælt setningu þeirra á opinberum vettvangi. Ekki hefði verið fullnægjandi af hálfu stjórnar félagsins að fela laganevnd að koma athugasemdum á framfæri við Alþingi vegna frumvarpsins enda hefði rétti þegnanna til að bera ágreiningsefni undir dómstóla verið ógnað og gæti það ekki staðið neinum nær en lögmönnum að bregðast við.

Lárentínus fagnaði því að Ragnar veki athygli á þessu málefni og tók fram að stjórn félagsins hefði vissulega getað beitt sér með öflugri hætti.

Kosningar

Lárentínus Kristjánsson hrl. var endurkjörinn formaður LMFÍ. Hörður Felix Harðarson hrl. og Katrín Helga Hallgrímsdóttir hdl. voru kosin í stjórn til tveggja ára en áfram sátu Heimir Örn Herbertsson hrl. og Hildur Friðleifsdóttir hdl. Í varastjórn voru kosnir Óskar Sigurðsson hrl., Jónas Þór Guðmundsson hrl. og Ólafur Einarsson hrl. Skoðunarmenn félagsins voru kosnir Gústaf Þór Tryggvason, hrl., og Othar Örn Petersen, hrl., og til vara Þorbjörg I. Jónsdóttir, hrl.

Í laganevnd félagsins voru kosin Eva Bryndís Helgadóttir hrl., Gísli G. Hall hrl., Sigríður Rut Júlíusdóttir hrl., Viðar Lúðvíksson hrl., Eva Margrét Ævarsdóttir hdl., Kristín Benediksdóttir hdl. og Jón Elvar Guðmundsson hdl.

Ályktun stjórnar Lögmannafélags Íslands.

Vegna umræðu um rannsókn hins svokallaða bankahruns hefur stjórn Lögmannafélags Íslands sent dómsmálaráðherra eftirfarandi ályktun:

Brýnt er að vandlega verði rannsakað hvort lög hafi verið brotin í aðdraganda og eftirmálum bankahrunsins. Eðli málsins samkvæmt hlýtur sú rannsókn að verða umfangsmikil og taka til þeirra sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekir um refsiverða háttsemi.

Mikilvægi rannsóknarefnisins má hins vegar ekki verða til þess að gengið sé á svig við reglur sem um rannsókn gilda, eða að réttaröryggi verði fyrir borð borið. Ísland er og á að vera réttarríki. Í því felst að ríkisvaldið fari fram á grundvelli gildandi lagareglna, meðal annars þeirrar reglu að sakaðir menn séu saklausir uns sekt er sönnuð.

Augljóst er að bankahrunið olli

gífurlegum skaða. Reiði vegna þeirra atburða má ekki verða til þess að slegið verði af kröfum sem gerðar eru til Íslands sem réttarríkis er virði grundvallarmannréttindi. Þá má heldur ekki slá af kröfum til opinberra rannsókna, þ.á.m. um hlutlægni rannsakenda og meðalhóf í beitingu opinbers valds.

Að gefnu tilefni má í þessu samhengi nefna álitaeefni um hæfi einstakra embættismanna. Um hæfi gilda settar lagareglur sem ber að virða. Varhugavert er að rannsakendur eða handhafar opinbers valds freisti þess að ná fram úrlausn um álitaeefni af því tagi með málflutningi í fjölmiðlum.

Jafnframt má nefna trúnaðarsamband lögmannna við umbjóðendur sína. Allir eiga að geta treyst því að upplýsingar sem þeir veita lögmanni séu bundnar þagnarskyldu og komi ekki

fyrir augu annarra aðila nema samkvæmt skýru lagaboði, að slíkar upplýsingar verði ekki notaðar gegn þeim og að trúnaðarsamband lögmannna og umbjóðenda þeirra sé virt. Trúnaðarsambandið er ekki tæki til að hylja slóð ólögmetrar háttsemi, heldur grundvallarregla í vestrænum réttarríkjum.

Ástæða er til þess að áréttta mikilvægi virðingar fyrir meginreglum réttarríkisins á þeim tímum sem fara í hönd. Erfiðleikar sem að þjóðinni steðja og reiði sem í henni býr, mega ekki verða til þess að einstaklingurinn njóti ekki lengur eðlilegs skjóls gagnvart ríkisvaldinu. Í því væri falin enn meiri vá en sú sem þjóðin tekst nú á við.

Reykjavík 23. júní 2009.

*F.h. stjórnar Lögmannafélags Íslands
Lárentsínus Kristjánsson, hrl., formaður.*

LAGAÐEILD
HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

LÁTTU TIL ÞÍN TAKA!

Laganám við HR miðar að því að útskrifa framúrskarandi lögfræðinga sem láta til sín taka í íslensku og alþjóðlegu samfélagi.

3ja ára grunnnám til BA gráðu
2ja ára framhaldsnám til meistaraþráðu

Fullnaðarpróf í lögfræði

Kynntu þér metnaðarfullt og nútímalegt laganám á www.hr.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY





F. v. Guðrún Erlendsdóttir, Björg Thorarensen, Njörður P. Njarðvík, Ragnhildur Helgadóttir, Hafsteinn Þór Hauksson og Bryndís Hlöðversdóttir.

Stjórnarskrárbreytingar í deiglunni?

Lagadagurinn var haldinn hátíðlegur þann 9. maí með veglegri dagskrá sem hófst á hádegi með aðalmálstofu um stjórnarskrárbreytingar undir stjórn Guðrúnar Erlendsdóttur, hrl. og fyrrverandi hæstaréttardómara. Guðrún vakti athygli á því við setningu málstofunar að setja hefði þurft umfjöllunarefnið sjálf í spurningarform þar sem aðstæður höfðu breyst svo hratt í aðdraganda Lagadagsins að stjórnarskrárbreytingar, sem voru á dagskrá löggjafans þegar efni málstofunnar var ákveðið, höfðu í millitíðinni verið slegnar af í aðdraganda alþingiskosninga. Engu síður var málstofan afar vel sótt og mikill áhugi meðal þátttakenda á Lagadeginum á þeim erindum sem þar voru flutt. Björg Thorarensen, prófessor og forseti lagadeildar Háskóla Íslands, hafði framsögu en þau Ragnhildur Helgadóttir, prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, Bryndís Hlöðversdóttir, aðstoðarrektr og deildarforseti Háskólans á Bifröst, Njörður P. Njarðvík, prófessor emeritus í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands og Hafsteinn Þór Hauksson, lögfræðingur á skrifstofu Umboðsmanns Alþingis sátu í pallborði.

Í yfirlit miklu erindi leitaðist Björg Thorarensen við að svara helstu spurn-

ingum sem varpað hafði verið fram í umræðu um breytingar á stjórnarskránni. Sagði Björg að kreppan hefði kallað á endurmat á ríkjandi gildum og samfélagið leitaði nú svara við spurningum um ýmis grundvallaratriði, þ.á m. um þýðingu lýðræðislegs stjórnskipulags, uppsprettu ríkisvalds, rétt þjóðarinnar til að taka beinan þátt í mikilvægu ákvörðunum, hvernig valdhafar ættu að endurspegla vilja þjóðarinnar og um ábyrgð valdhafa á störfum sínum. Um þessi atriði sagði Björg að stjórnarskráin veitti engin svör, þar sem hún lýsti ekki veruleika stjórn mála og stjórnskipunar í mörgum veigamiklum atriðum.

Björg rakti í máli sínu gömul fyrirheit frá 1942 um endurskoðun stjórnarskrárinnar sem fram kom í áliti milliþinganefndar. Þrátt fyrir það fyrirheit hefði einungis afmörkuðum þáttum hennar verið breytt og í raun væru mikilvægir hlutar óbreyttir frá stjórnarskránni 1874, einkum ákvæði um framkvæmdarvald og dómvald. Taldi Björg að endurskoðun stjórnarskrár væri nú stöðnuð eftir ítrekaðar en misheppnaðar tilraunir síðustu ára. Hún rakti hugmyndir um stjórnlagáþing sem nýjan farveg fyrir breytingar en tillaga um slíkt þing náði ekki fram að

ganga á vorþingi. Varpaði Björg fram þeirri spurningu hvort þar með hefði tækifærið til að endurreisa traust á Alþingi og styrkja stöðu þess runnið þingheimi úr greipum. Að lokum svaraði Björg netiandi þeirri spurningu sem var yfirskrift málstofunnar; Eru stjórnarskrárbreytingar í deiglunni? Hún sagði að þrátt fyrir að allir stjórnmálaflokkar hefðu lýst þörf á að endurskoða stjórnarskrána þá væri enn eitt „skipbrotið“ nú afstaðið og að þjóðin yrði að láta sér nægja óbreytt ástand. Engin heildarendurskoðun væri í deiglunni og að áfram yrðu gerðar breytingar í smáskömmtum.

Ragnhildur Helgadóttir var á öndverðum meiði við Björgu. Taldi Ragnhildur að íslensk stjórnskipan hefði í raun breyst mjög mikið þrátt fyrir að texti stjórnarskrárinnar væri að miklu leyti ennþá byggður á stjórnarskránni frá 1874. Stjórnskipunareglurnar hefðu mótast í framkvæmd og því væri rétturinn í raun töluvert frábrugðin textanum sjálfum. Þörfin fyrir stjórnarskrárbreytingar gæti þannig ekki verið af því sprottin að hér á landi væru í gildi stjórnskipunareglur frá 19. öldinni. Sagði Ragnhildur að í þessu ljósi væri ekki þörf á heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar heldur væri verkefnið

framhald á bls. 30

Málstofa um ábyrgð stjórnenda

Vænta má þess að reyna muni í verulegu mæli á ábyrgð stjórnenda í hluta- og einkahlutafélögum á komandi árum eftir þá gjörningahríð sem nú bylur á íslensku viðskipta- og efnahagslífi. Þótt finna megi í dómaframkvæmd Hæstaréttar dóma þar sem reynt hefur á bóta-ábyrgð stjórnanda hlutafélaga, verður það að segjast sem er að nánara inntak ábyrgðarinnar er um margt á huldu.



Það var því þarft umfjöllunarefni sem tekið var fyrir í málstofu um ábyrgð stjórnenda sem fram fór á lagadeginum svokallaða sem haldinn var þann 30. Apríl sl. Framsögumenn voru þau Áslaug Björgvinsdóttir, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík og Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl. og aðjúnkt við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Í pallborði sátu síðan þeir Vilhjálmur Bjarnason lektor við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, Hróbjartur Jónatansson, hrl og Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota. Stjórnandi málstofunnar og umræðna var Sigurður Tómas Magnússon, hrl. og sérfræðingur við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

Í erindi sínu rakti Áslaug almennt um ákvæði hlutafélagalöggjafarinnar sem refsíábyrgð stjórnanda væri reist á. Í erindi sínu fór hún jafnframt yfir helstu dóma Hæstaréttar sem gengið hafa um ábyrgð stjórnenda. Fjallaði hún um trúnaðarskyldu stjórnenda gagnvart félaginu og öllum hluthöfum þess meðal annars með vísan til jafnræðisreglu hlutafélagalaga sbr. 1. málsl. 2. Mgr. 20. gr. laganna, og skyldu stjórnar hlutafélags til þess að gæta hagsmuna allra hluthafa. Í erindi sínu fjallaði Áslaug enn fremur um reglu 134. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög um bótaskyldu stjórnenda, ásamt því að farið var yfir sakarmat, sönnunarreglu, sakarmat og að aukin skylda væri lögð á stjórnendur ef viðskipti um tengda aðila væri að ræða og þá dóma sem

gengið hafa og varpað geta ljósi á álitaefna. Reifaði Áslaug enn fremur að Hæstiréttur hefði í Hrd nr. 38/2006 beitt ákvæði 68. gr. hlutafélagalaga um stjórnendur félags hefði verið beitt til þess að fella ábyrgð á framkvæmdastjóra sem hvorki var ráðinn af stjórn, né tilkynntur sem slíkur til hlutafélagaskrár.

Jóhannes Rúnar fjallaði í einkar áhugaverðu erindi sínu í ljósi þeirra erfiðleika sem nú steðja að öllu efnahags- og viðskiptalífi á skyldur stjórnenda til þess að óska eftir því að félag sem þeir sitja í stjórn í verði tekið til gjaldþrotaskipta og ábyrgð þeirra ef svo væri ekki gert. Í öðru lagi fjallaði Jóhannes um skuggastjórnendur (enska: Shadow Directors), eða aðila sem stjórnar í raun og veru stjórnendum félags um ákvarðanir þeirra fyrir hönd félagsins. Reifaði Jóhannes ákvæði breskrar félagalöggjafar um skuggastjórnendur og að slíkur skuggastjórnandi væri að breskum rétti talinn bera sömu skyldur og ábyrgð og raunverulegur stjórnandi. Jóhannes greindi frá því að skuggastjórnandi væri iðulega aðili sem alls ekki vildi að fréttist að hann í raun og veru tæki ákvarðanir sem stjórn félagsins fylgdi síðar eftir, heldur vildi hann koma fram eins og ótengdur aðili. Jafnframt velti Jóhannes upp þeim spurningum hvort banki, í krafti krafna á hendur félagi, eða móðurfélag í samstæðu félaga gæti fallið undir það að vera skuggastjórnandi. Að síðustu fjallaði Jóhannes um

dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-4033/2008 þar sem Vilhjálmur Bjarnason höfðaði mál á hendur stjórnarmönnum Glitnis banka hf. vegna ákvörðunar um kaup félagsins á hlutum fyrrverandi forstjóra bankans. Gagnrýndi Jóhannes niðurstöðu héraðsdóms og taldi að stefnandi málsins hefði ekki verið réttur aðili til þess að gera bótakröfu í málinu og enn fremur hefði ætlað tjón í tengslum við fyrrnefnt verið tjón félagsins en ekki hluthafa þess.

Þátttakendur í pallborði héldu síðan erindi þar á eftir. Hróbjartur fjallaði um reynslu sína af því að hafa sótt mál vegna ætlaðra brota á hagsmunum hluthafa og aðild að slíkum málum. Helgi Magnús reifaði atriði hvað varðaði um refsíábyrgð stjórnenda samkvæmt ákvæðum hegningarlaga og sérrefsilaga og varðandi refsipátt stjórnenda. Vilhjálmur reifaði ástæður fyrir málsókn sinni í máli nr. E-4033/2008 og skilning sinn á þeim ákvæðum laga um hlutafélög og bótaskyldu sem á reyndi í fyrrgreindu máli.

Fjöldi fyrirspurna bárust úr sal til framsögumanna og þátttakanda í pallborði og urðu um mörg atriði athyglisverðar umræður. Ætla verður að á þau álitaefni sem fjallað var um á fyrrgreindri málstofu muni verða fjallað frekar um í lögfræði á þeim tímum sem nú á eftir fylgja.

Ari Karlsson hdl.



F.v. Ingibjörg Þorsteinsdóttir, Garðar Valdimarsson, Bryndís Kristjánsdóttir, Garðar Gíslason og Jón Elvar Guðmundsson. Á myndina vantar Völu Valtýsdóttur sem stýrði málstofunni.

Skjól fyrir sköttum eða eðlileg samkeppni um skatta?

Framsögumenn á málstofu um skjól fyrir sköttum voru Ingibjörg Þorsteinsdóttir, dósent við lagadeild Háskólans á Bifröst og Jón Elvar Guðmundsson, hdl. hjá Logos lögmannsþjónustu. Í pallborði sátu Bryndís Kristjánsdóttir, skattrannsóknarstjóri, Garðar Gíslason, hdl. hjá LEX lögmannsstofu og Garðar Valdimarsson hrl. hjá Deloitte hf. Vala Valtýsdóttir, hdl. hjá Deloitte hf. stýrði málstofunni.

Í erindi Ingibjargar Þorsteinsdóttur kom meðal annars fram að á fyrirtæki í skattaskjólum væri enginn eða óverulegur skattur lagður á fyrirtæki auk þess sem helstu einkenni slíkra svæða væri að þar skorti á skilvirka upplýsingagjöf til annarra ríkja, reglur væru ógagnsæjar og vanalega þyrftu fyrirtæki ekki að vera með raunverulega starfsemi í viðkomandi ríki til að njóta þess lagaumhverfis sem hefði framangreind einkenni. Þá vék Ingibjörg að aðgerðum á vettvangi OECD sem miða að því að sporna gegn skaðlegri skattasamkeppni, einkum starfsemi skattaskjóla. Þær aðgerðir sem ráðist hefði verið í kynnu að fela í sér einhverjar úrbætur á núverandi ástandi sem væri óviðunandi. Að mati Ingibjargar væri það bjartsýni að ætla að dagar skattskjóla væru taldir

í bráð. Til þess þyrfti öflugri og samhæfðari aðgerðir sem óvíst væri hvort eða hvenær ríki heims kæmu sér saman um.

Jón Elvar Guðmundsson gerði að umtalsefni sínu hvort raunverulegt skattahagræði fælist í fjárfestingum í gegnum lágskattalögsögur. Niðurstaða Jóns Elvars var sú að, að því gefnu að íslenskir fjárfestar og félög þeirra færu að reglum laga um tekjuskatt, þá myndi 0% skatthlutfall í lágskattalögsögum alla jafna ekki leiða til lægri skattlagningar ef fjárfest væri í gegnum þær. Það gæti hins vegar verið að skattlagning kynni að aukast vegna þessa. Ástæðan væri sú að líta þyrfti til skattlagningar á þremur stigum, þ.e. í landi fjárfestis, í lágskattalögsögunni og í landi fjárfestingarinnar. Samspil landanna þriggja myndi ráða niðurstöðunni. Í þessu fælist að hið lága (jafnvel ekkert) skatthlutfall væri væntanlega ekki hvatinn að því að fjárfest væri í gegnum slíkar lágskattalögsögur. Í þeim efnum yrði að horfa til annarra þátta.

Í máli Bryndísar Kristjánsdóttur kom fram að vandkvæðin við skattaskjólín af hálfu skattýfirvalda fælist meðal annars

í takmarkaðri upplýsingagjöf til annarra ríkja. Fyrir skattýfirvöld væri aðgangur að upplýsingum grundvallaratriði í öllu eftirliti og rannsóknum. Takmörkuð upplýsingagjöf hvetji menn til þess að fara ekki að lögum og reglum og svíkja undan skatti þar sem leyndin minnki líkur á að upp um brot komist. Á vettvangi OECD og innan Evrópusambandsins hefði um árabíl verið barist gegn skattaskjólum og hefði sú barátta fengið aukinn byr í kjölfar efnahagshrunsins. OECD legði nú einkum áherslu á að upplýsingagjöf frá skattaskjólum yrði bætt með gerð upplýsingaskiptasamninga við önnur ríki. Ísland hefði þegar notið árangurs þess starfs með nýlegum upplýsingaskiptasamningum Norðurlandanna við nokkur helstu skattaskjól heims sem fæli í sér mikilvæga úrbót fyrir skattýfirvöld.

Hjá Garðari Gíslasyni kom fram að hann þekkti fá dæmi þess úr sinni reynslu við skattrannsóknir, og síðar sem lögmaður á sviði skattamála, að ráðgjafar um skattamál hér á landi hafi ráðlagt stofnun félaga í skattaskjólum enda væri engin glóra í slíku ef menn á annað borð hefðu í hyggju að standa rétt að skattskilum hér á landi. Í þeim



Hrafnhildur fjallaði um loftslagsvandamál og þau stjórnþæki sem þjóðir heims og alþjóðlegar stofnanir hefðu til að bregðast við.

Auðlindir nýrrar aldar

Í málstofu um auðlindir nýrrar aldar fluttu þau Karl Axelsson, hrl. hjá LEX og Hrafnhildur Bragadóttir, lögfræðingur hjá Umhverfisstofnun, fróðleg og yfirgripsmikil erindi. Í pallborði sátu Árni Vilhjálmsson hrl. hjá LOGOS, Kristín Haraldsdóttir, sérfræðingur við lagadeild Háskólans í Reykjavík og Aðalheiður Jóhannesdóttir, dósent við lagadeild Háskóla Íslands. Hjördís Hákonardóttir hæstaréttardómari stjórnaði málstofunni.

Fjallaði Karl um auðlindahugtakið sjálft og þær réttarreglur sem gilda um auðlindir. Hann skipti nýjum auðlindum á íslensku yfirráðasvæði í tvennt: Annars vegar hefðu nýtingarmöguleikar opnast á auðlindum sem hefðu ávallt verið til staðar en í ónýtanlegu horfi og sem dæmi um það nefndi hann olíuvinnslu í landgrunninu. Hins vegar væru nýjar heimildir að verða til vegna stýringar á nýtingu auðlinda sem ekki lutu einkaeignarrétti og taldar voru óþrjótandi. Dæmi um slíkt væru kvótakerfi við nýtingu fiskistofna og andrúmslofts.

Karl sagði margt sameiginlegt með kvótakerfi samkvæmt lögum um stjórn

fiskveiða og losunarheimildum samkvæmt lögum um losun gróðurhúsalofttegunda. Í báðum tilvikum væri um að ræða atvinnuréttindalegar tengingar og réttindaávinnsla væri tengd sögulegum forsendum. Ólíkt kvótakerfi í landbúnaði, sem byggðist á framleiðslustýringu og ríkisstyrkjum, væru kvótakerfi í sjávarútvegi og losunarheimildir tengdar nýtingu náttúrulegra auðlinda sem væru takmarkaðar. Karl sagði réttarstöðu andrúmsloftsins lögfræðilega áskorun þar sem samræma þyrfti kenningar 20. aldar fræðimanna og veruleika 21. aldarinnar.

Hrafnhildur flutti erindi sitt um nýtingu auðlindarinnar sem andrúmslofts og mynduðu erindi þeirra Karls samfellda heild. Fjallaði Hrafnhildur um loftslagsvandamál og þau stjórnþæki sem þjóðir heims og alþjóðlegar stofnanir hefðu til að bregðast við. Kom fram að hið svokallaða íslenska ákvæði í Kyoto-bókuninni frá 1997 kynni að takmarka möguleika Íslendinga á því að framselja losunarheimildir sínar. Þá hefðu fyrirhugaðar breytingar á evrópskum reglum töluverð áhrif til hins verra þar sem litið yrði á losunarheimildir

landanna innan ESB með heildstæðum hætti.

Hrafnhildur sagði að áhrif alþjóðlegra skuldbindinga hér á landi yrðu tiltölulega lítil á tímabilinu 2008-2012 en frá og með 1. janúar 2013 yrði að öllum líkindum breyting þar á í kjölfar nýrrar bókunar við loftslagssamninginn sem væntanlega verður samþykktur í Kaupmannahöfn í sumar. Varðandi hagsmuni Íslands í alþjóðlegu samstarfi í loftslagsmála þá taldi Hrafnhildur mikilvægast að huga vandlega að sambandi alþjóðlegra skuldbindinga Íslands á grunni loftlagssamningsins annars vegar og skuldbindinga á grundvelli EES-samningsins hins vegar.

Að loknum erindum fóru fram fjörugar umræður um ýmis álitefni tengd efni málstofunnar undir stjórn Hjördísar Hákonardóttur, hæstaréttardómara. Var málstofan vel sótt og góður rómur gerður að erindum framsögumanna.

Arnar Þór Stefánsson, hdl.



F.v. Ása Ólafsdóttir, Tryggvi Axelsson, Guðjón Ólafur Jónsson, Aðalsteinn E. Jónasson og Eyvindur G. Gunnarsson.

Réttlausir viðskiptavinir? Kröfur til fjármálafyrirtækja og úrlausn ágreinings

Fjallað var um hver væri réttur almennings/neytenda gagnvart fjármálafyrirtækjum og hvert væri hægt að beina ágreiningsmálum sem skapast milli þessara aðila. Eyvindur G. Gunnarsson, lektor við lagadeild Háskóla Íslands stýrði málstofunni en framsögu höfðu Aðalsteinn E. Jónasson hrl. og dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík og Guðjón Ólafur Jónsson hrl. og formaður úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Aðrir þátttakendur í pallborði voru Ása Ólafsdóttir hrl. og lektor við lagadeild Háskóla Íslands, Jóna Björk Guðnadóttir hdl. hjá Samtökum fjármálafyrirtækja og Tryggvi Axelsson forstjóri Neytendastofu.

Aðalsteinn lýsti í máli sínu raunasögu fyrrverandi útgerðarmanns sem seldi útgerðarfyrirtæki með allgóðum hagnaði og stofnaði í kjölfarið til ýmissa fjármálagerna við fjármálafyrirtæki sem hafði milligöngu um söluna. Í stuttu máli hefur útgerðarmaðurinn fyrrverandi nú ekki aðeins tapað aleigunni heldur er hann kominn í stórskuld við fjármálafyrirtækið. Hlaupa skuldirnar á hundruðum milljóna króna.

Rakti Aðalsteinn í stuttu máli þær reglur sem gilda um þá gerninga sem framkvæmdir höfðu verið. Einkum vék hann að þeim kröfum sem lög og reglur um verðbréfavíðskipti gera til fjármálafyrirtækis eins og þeim var breytt við innleiðingu MiFID reglnanna. Vék hann m.a. að almennri hegðunarreglu í lögum um verðbréfavíðskipti, þar sem segir að „fjármálafyrirtæki skuli starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur í verðbréfavíðskiptum, með trúverðugleika fjármálamarkaðarins og hagsmuni viðskiptavina að leiðarljosi.“ Í því sambandi benti hann á þá hættu sem skapast gæti við innleiðingu ítarlegra hegðunarreglna, nefnilega þeirri að menn missi sjónar á meginreglunum þegar reglur verða mjög ítarlegar. Starfsmenn fjármálafyrirtækja hætti að sjá skóginn fyrir trjánum og allt telst leyfilegt sem ekki er bannað. Að síðustu benti Aðalsteinn á þrennt sem þyrfti að huga að. Í fyrsta lagi að starfsmenn fjármálafyrirtækja litu ekki á lög um verðbréfavíðskipti sem lista sem krossað er við. Í öðru lagi að eftirlitsaðilar beiti meginreglunni um góða og eðlilega viðskiptahætti sem efnisreglu við


framkvæmd eftirlis og í þriðja lagi að dómstólar eða úrskurðarnefnd beiti reglunni í dómum/úrskurðum sínum.

Guðjón Ólafur fór í erindi sínu yfir starfsemi úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Hann skýrði m.a. tilurð nefndarinnar ásamt því að lýsa hverjir geti átt aðild að málum fyrir nefndinni sem starfar samkvæmt samkomulagi á milli viðskiptaráðuneytis, Sambands íslenskra viðskiptabanka, Sambands íslenskra sparisjóða, Samtaka verðbréfafyrirtækja, Sambands lánastofnana og Neytendasamtakanna. Samkvæmt samkomulaginu geta viðskiptamenn þeirra fjármálafyrirtækja sem eiga aðild að nefndinni snúið sér til hennar með kvartanir vegna viðskipta við viðkomandi fyrirtæki. Ýmsar takmarkanir eru hins vegar á því hvaða mál nefndin getur tekið til meðferðar. Til að mynda fjallar hún ekki um ágreining sem samkvæmt lögum heyrir undir stjórnvöld, ágreining sem er til meðferðar hjá dómstólum eða kröfur um ófjárhagslega hagsmuni svo eitthvað sé nefnt. Það sem af er þessu ári hafa alls 22 mál komið til kasta nefndarinnar en af þeim málum sem

framhald á bls. 30



F.v. Ástríður Grímsdóttir, Ástráður Haraldsson, Agnes Bragadóttir, Brynhildur Flóvens og Valgerður Sverrisdóttir. Sigurður Líndal er á hægri mynd.



Pólitísk ábyrgð ráðherra: Refsiábyrgð og réttarfar í málum vegna embættisbrota ráðherra

Eru núgildandi lög um ábyrgð ráðherra úrelt? Hver er krafa nútímans um siðferði og pólitíska ábyrgð ráðherra, m.t.t. stjórnsýslulaga og álita umboðsmanns Alþingis? Þessum spurningum var velt upp í málstofu um ráðherraábyrgð.

Það leikur ekki vafi á að undanfarin ár hefur athygli manna í ríkum mæli beinst að því hver og hver á að vera lagaleg og pólitísk ábyrgð stjórnálmanna. Atburðir nýliðins vetrar og svo gríðarlega flókna staða sem stjórnálmenn landsins hafa staðið frammi fyrir. Það hvort þeir hafa staðist prófraunina eða ekki. Allt hefur þetta kallað á að sjónarmið um ábyrgð þeirra hafa verið uppi í umræðum manna á meðal.

Sigurður Líndal, prófessor emertius og Agnes Bragadóttir, blaðamaður á Morgunblaðinu fluttu framsögu í þessari málstofu. Í pallborði sátu Ástráður Haraldsson, hrl. hjá Mandat og dósent við lagadeild Háskólans á Bifröst, Brynhildur Flóvenz, lektor við lagadeild Háskóla Íslands og Valgerður Sverrisdóttir, alþingismaður og fyrrverandi ráðherra. Ástríður Grímsdóttir, héraðsdómari við Héraðsdóm Suður-

lands stjórnaði framsögum og umræðum.

Sigurður Líndal rakti sögu hugmynda og lagaákvæða um ráðherraábyrgð og setti núgildandi lagastöðu í samhengi við mismunandi grundvallarviðhorf til ríkisvaldsins og hlutverks laga og stjórnálmála. Hann vakti athygli á að þrátt fyrir þingræðisregluna er ekkert dæmi um að ríkisstjórn eða einstakur ráðherra hafi vikið vegna þess að samþykkt hafi verið vantrauststillaga. Í þessu sambandi velti hann fyrir sér hvort framkvæmdarvaldið sé orðið ofjarl Alþingis.

Niðurstaða Sigurðar var að þróunin hefði orðið sú að þingræðið sem átti að fella ábyrgð ráðherra í þann farveg að embættismissi varðaði ef þingið vildi ekki una stjórnarframkvæmd hans hefði smám saman snúizt í andhverfu sína. Þegar meiri hluti þings styður ráðherra og ríkisstjórn sé hætt við að aðhaldið bresti að einhverju leyti, ekki sízt ef flokkshollusta og flokksagi ýtir undir óhæfilegt umburðarlyndi við ráðherra. Þá velti Sigurður fyrir sér leiðum til úrbóta eins og að áskilja að ráðherrar

gegndu ekki þingmennsku. Eða að Alþingi eða meirihluti þess kysir utanþingmenn til ráðherrastarfa.

Agnes Bragadóttir blaðamaður lagði áherslu á að í máli sínu fjallaði hún um viðfangsefnið sem leikmaður. Á undanförunum áratugum hefðu komið upp álitamál þar sem rætt hefði verið hvort ráðherra hafi brotið af sér með slíkum hætti, að skoða bæri hvort Alþingi ætti að kæra ráðherra fyrir embættisrekstur en slík umræða hafi aldrei orðið neitt hávær eða yfirgnæfandi, a.m.k. ekki á lýðveldistíma.

Hún spurði hver ber endanlega ábyrgð á störfum FME, hvort það væri þáverandi viðskiptaráðherra, Björgvin G. Sigurðsson, Fjármáleftirlitið eða kannski enginn? Agnes sagði að hér á landi hefði stjórnkerfið byggst á „ráðherrastjórnsýslu“ þar sem hver ráðherra væri yfirmaður síns málefna sviðs og hefði stjórnsýslulegt, stjórnunarlegt og rekstrarlegt forræði yfir sínu ráðuneyti og öllum stofnunum undir því. Þannig skipti ráðherra sér t.d. af rekstri og getur snúið ákvörðunum einstakra stofnana. Stjórnkerfið væri byggt upp

framhald á bls. 31.



F.v. Steinar Þór Guðgeirsson, Steinunn Guðbjartsdóttir, Einar Karl Hallvarðsson, Ragnar H. Hall, Jóhannes Karl Sveinsson og Hákon Árnason. Á myndina vantar Evu Margréti Ævarsdóttur.

Voru neyðarlögin nauðsynleg? Var gengið of langt eða of skammt með setningu þeirra?

Það ætti kannski ekki að segja það en neyðarlögin svokölluðu eru í lagalegum skilningi ein áhugaverðustu lög sem sett hafa verið hér á landi. Lögin eru uppspretta endalausrar vinnu fyrir lögmennt landsins og gera má ráð fyrir að þeir eigi eftir að flytja fjölda dómsmála um túlkun þeirra og stjórnskipunarlegt gildi þegar fram líða stundir. Lögin varða hagsmuni gríðarlega margra aðila; kröfuhafa fjármála-fyrirtækja, fyrrum eigenda þeirra og viðskiptavina bankanna. Í þeim vegast á hagsmunir þessara aðila og almanna-hagsmunir, efnhagsleg framtíð og undirstaða þjóðarinnar. Með lögunum voru málsmeðferðarreglur stjórnsluréttarins að hluta tekna úr sambandi og vekur það upp margar lögfræðilegar spurningar á sviði stjórnskipunar- og stjórnsluréttar.

Það er því ekki að undra að málstofa um neyðarlögin á Lagadeginum 2009 var gríðarlega vel sótt. Jóhannes Karl Sveinsson hrl. hjá Landslögum og Ragnar H. Hall hrl. hjá Mörkinni lögmannsstofu fluttu framsögu. Í pallborði sátu Steinunn Guðbjartsdóttir hrl. hjá Borgarlögmönnum, Steinar Þór Guðgeirsson hrl. hjá Lögfræðistofu Reykjavíkur, Einar Karl Hallvarðsson hrl. hjá Ríkislögmanni og dósent við lagadeild Háskólans á Bifröst og Eva

Margrét Ævarsdóttir hdl. hjá Lex lögmannsstofu. Hákon Árnason hrl. hjá LOGOS lögmannsþjónustu stjórnaði framsögum og umræðum.

Jóhannes Karl fjallaði um aðdragandann að setningu laganna. Hann lýsti ítarlega þeim aðstæðum í byrjun október 2008 sem kölluðu á dramatískar aðgerðir í formi neyðarlaganna. Hann fjallaði um stærð bankanna í samanburði við landsframleiðslu og tekjur ríkisins og hvaða afleiðingar það hefði getað haft ef ríkisvaldið hefði „leyft“ þeim að falla án nokkurrar íhlutunar hins opinbera. Hann benti á að þó margt sé umdeilalegt í lögunum og beitingu þeirra þá hafi tekist að koma í veg fyrir algjöra upplausn samfélagsins sem má ímynda sér ef til að mynda greiðslukerfið hefði hrunið. Vissulega sé réttlætalegt að ganga langt til að halda slíkum innviðum samfélagsins gangandi.

Ragnar var öllu gagnrýnni í umfjöllun sinni á neyðarlögin og taldi að of langt hefði verið gengið. Hann efaðist um stjórnskipunarlegt gildi sumra ákvæða laganna og er sjálfsgagt ekki einn um þá skoðun. Steinunn og Steinar Þór lýstu aðkomu sinni að neyðarlögunum frá hinu praktíska sjónarhorni aðstoðarmanns í greiðslustöðvun og skilafnefndarmanns. Steinunn sem aðstoðar-

maður Glitnis banka í greiðslustöðvun og síðar í slitastjórn bankans og Steinar Þór sem formaður skilanefndar Kaupþings banka.

Eva Margrét fjallaði um hvort réttlætalegt væri að beita neyðarlögunum á vormánuðum 2009 þegar þær neyðar-aðstæður sem uppi voru í október 2008 voru ekki lengur til staðar. Of langt hefði verið gengið við beitingu neyðarlaganna gegn Straumi og sparissjóðunum og benti hún á mismunandi rökstuðning Fjármálaeftirlitsins fyrir þeim ákvörðunum og þeim ákvörðunum sem teknar voru í byrjun október. Í ákvörðunum um skipanir skilanefnda viðskiptabankanna þriggja er talað um „kerfislægt mikilvægi þeirra og þeirra keðjuverkandi áhrifa sem mögulegt gjaldþrot kynni að hafa á íslenska hagkerfið.“ Ekkert slíkt orðalag sé hins vegar að finna í ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins á vormánuðum 2009.

Að loknum framsögum og stuttum erindum þátttakenda í pallborði var tíminn því miður á þrotum. Lögmennt munu þó sjálfsgagt fá mörg tækifæri til að ræða um neyðarlögin í framtíðinni, hvort sem er á þessum vettvangi eða öðrum.

Katrín Helga Hallgrímsdóttir hdl.

Dag skal að kveldi lofa

Að loknum vel heppnuðum lagadegi fóru lögfræðingar heim í betri buxurnar og stuttu pilsin, tóku maka sína upp á arminn og skunduðu á ný á hótelið með langa nafninu (Hilton Reykjavík Nordica). Þar tók við hátíðardagskrá sem Freyr Eyjólfsson, útvarpsmaður stjórnaði af fágætri röggsemi. Mikla kátínu vakti val „Lagarans 2009“ þar sem lögfræðingar voru tilnefndir til verðlauna í ýmsum flokkum, s.s. fyrir besta frasa ársins, málræpuna, litinn og líkamsræktartröllið. Engum sögum fer af sigurvegurum en sumir voru þó tilnefndir oftar en aðrir.

Kræsingar runnu niður með ljúfum veigum. Svo var stígninn dans af miklum móð, rokkað og tjúttað, við undirleik Ingós og Veðurguðanna. Frábærlega vel heppnað kvöld með upþákomum úr ýmsum og stundum óvæntum áttum.



Freyr Eyjólfsson brá sér í líki Megasar.



Ingó og Veðurguðirnir héldu uppi frábærri stemningu til klukkan tvö um nóttina.



F.v. Lárentínus Kristjánsson, Áslaug Björgvinsdóttir og Ragnar Árnason.



F.v. Jónína Ingvadóttir, Jóhann Hjartarson, Valborg Kjartansdóttir, Magnús Haukur Magnússon, Huld Konráðsdóttir, Sigurður Tómas Magnússon, Róbert Pröstur Skarphéðinsson og María Björg Þórhallsdóttir.



Tjúttað var og trallað allan dansleikinn og var sannkölluð Bahama stemning.



F.v. Lilja Ólafsdóttir, María Guðnadóttir, Guðmundur Þór Guðmundsson, Guðrún Sesselja Arnardóttir, Dóra Sif Tynes, Eva Bryndís Helgadóttir, Ástráður Haraldsson og Ragnhildur Benediktsdóttir.

Pro bono publico Samfélagsleg skylda lögmannna?



Síðastliðin 15 ár hefur Lögmannafélagið staðið fyrir ókeypis lögfræðiráðgjöf á skrifstofu félagsins vikulega yfir vetrarmánuðina og aðsókn hefur aldrei verið meiri en nú. Einnig er talsvert um að lögmenn veiti almenningi ókeypis lögfræðiráðgjöf og taki jafnvel að sér svokölluð pro bono mál án þess að slíkt hafi farið hátt í fjölmiðlum. En hvað er fyrirbærið „Pro bono publico“? Hafa lögmenn samfélagslegar skyldur vegna sérþekkingar sinnar? Hvað segja lögmenn sjálfir?

15 ár frá stofnun Lögmannavaktarinnar

Í febrúar 1994 hóf Lögmannavaktin starfsemi og var til að byrja með í Dómhúsinu við Lækjartorg. Ragnar Aðalsteinsson, þáverandi formaður LMFÍ, sagði á blaðamannafundi sem haldinn var í tilefni þessa að talsvert væri um að fólk héldi ekki fram rétti sínum gagnvart einkaaðilum og stjórnvöldum vegna ókunnugleika og efnaleysis. Síðan þá hafa lögmenn komið hvern þriðjudagseftirmiðdag yfir vetrartímamann á skrifstofu félagsins og veitt almenningi ókeypis ráðgjöf. Um 90 lögmenn skipta á milli sín að koma og veita þjónustuna en ætla má að virði hennar sé að minnsta kosti tvær milljónir á ári.

„Ég hef enga stefnu um pro bono. Maður lendir oft í að bjarga einstaklingum þegar byrjað er að fljóta undan þeim.“

Lögmaður

Til hagsbóta fyrir almenning

Pro bono publico kemur úr latínu og merkir „til hagsbóta fyrir almenning“. Pro bono er notað um lagalega ráðgjöf eða aðra sérfræðiráðgjöf sem er veitt án þess að ætlast sé til þóknunar. Þannig má segja að vinagreiddar falli ekki undir þessa skilgreiningu heldur frekar aðstoð við óskylda aðila, almenning.

Verðir réttlætisins

Flestir starfandi lögmenn veita öðru hvoru ráðgjöf sem fellur undir skilgreiningu pro bono og í einstaka tilfellum taka þeir að sér málarekstur undir þessum formerkjum. Það er misjafnt hvernig lögmenn líta á pro bono en fæstar lögmennsstofur hafa ákveðna stefnu varðandi ókeypis lögfræðiaðstoð og enginn er velta fyrir sér andvirði þess sjálfboðastarfs. Í Bandaríkjunum hafa lögmennsstofur markað sér stefnu varðandi sjálfboðaliðastörf lögmannna, hvert andvirði þessarar þjónustu er til samfélagsins og nota það í markaðssetningu stofanna. Á Íslandi hafa lögmenn hins vegar ekki

markað sér stefnu, spá ekkert í andvirði og líta frekar á það sem einkamál ef þeir stunda slíkt.

Að styðja samborgarana

Sumir lögmenn álíta að þeir hafi samfélagslega skyldu vegna sérfræðipækkingar sinnar. Í stuttri könnun sem Lögmannablaðið gerði sagði einn lögmaður að hann hefði alist upp í samfélagi sem byggðist á samhjálp:

„Ég hef alla tíð haft pro bono mál. Lögmenn hafa samfélagslegar skyldur, að hjálpa og styðja samborgarana og það er töluverð vinna hjá okkur við að hjálpa fólki án þess að gefa út reikning eða ætlast til greiðslu, nánast á hverjum degi. Svo skoðum við það og metum að

„Stundum tökum við mál sem eru réttlætismál og ég tel að stofan eyði milli 50-100 klukkustundum á ári í svona vinnu.“

Lögmaður



„Ef ég miða við sjálfan mig þá er pro bono vinna mín 25 til 30 klukkustundir á ári en mest er þetta að gera erfðaskrár, skrifa bréf eða einhverja samninga. Ég hef líka rekið pro bono mál fyrir dómstólum.“


Lögmaður

Stærri stofur minna í pro bono

Í lauslegri könnun sem Lögmannablaðið gerði meðal lögmannna kemur fram að stærri lögmannsstofur sem þjóna fyrirtækjum eru mun minna í að veita ókeypis ráðgjöf heldur en lögmennt á smærri stofum. Viðhorf þeirra eru einnig önnur og meira í þá átt að þeir vinni helst ekki pro bono og sinni helst ekki lögmannsþjónustu fyrir einstaklinga. Þó kom fram að ef lögmennt vildu taka að sér slík mál yrðu þeir að bera það undir hina eigendurna og oftast lægi slík aðstoð nálægt fjölskyldum eða viðskiptavinum og félagasamtök væru ekki rukkuð. Niðurstaðan er sú að hver einasti lögmaður stundar að einhverju leyti pro bono vinnu sem tengist lögfræðipækkingu hans. Margir líta á

það sem samfélagslega skyldu sína að miðla þekkingu sinni til almennings sem þarfnast aðstoðar.

EI



ef fólk á í „heiðarlegum“ vandræðum þá gefum við ríflegan afslátt svo það ni endum saman,“ sagði lögmaðurinn.

Hrindir ekki fallandi manni

Annar lögmaður sem starfar í miðbæ Reykjavíkur sagði að stór hluti vinnu sinnar væri ráðgjöf fyrir fólk á götunni sem hann tæki ekkert fyrir og hefði ekki nákvæma tímaskráningu yfir: „Við erum þannig staðsettir að fólk kemur inn til okkar. Það leiðir að sjálfu sér að þú rukkar ekki þá sem geta ekki borgað. Maður á ekki að hrinda fallandi manni,“ sagði hann.

„Ég hef séð aumur á fólki sem kemur inn af götunni en vil eyða frítíma mínum í annað en að vinna ókeypis lögfræðistörf. Ég er í annars konar hjálparstarfi.“

Lögmaður

Verðmat og sala á vélum og tækjum



Við bjóðum lögfræðistofum og bústjórum þrotabúa faglega aðstoð við verðmat og sölu á vélum og tækjum fyrir byggingastarfsemi og landbúnað.

Jötunn Vélar sérhæfir sig í sölu á vélum og búnaði tengdum landbúnaði og jarðvinnuverktökum. Fyrirtækið hefur frá upphafi lagt mikla áherslu á að veita viðskiptavinum sínum góða þjónustu og haft það að markmiði að vera leiðandi í þjónustu og sölu.

Stærsti innflytjandi dráttarvéla og landbúnaðartækja á Íslandi

JÖTUNN • VÉLAR ehf.

Austurvegur 69 - 800 Selfoss
Sími: 480 0400 - Fax: 482 4108 - jotunn@jotunn.is - www.jotunn.is

Vegvísir í völundarhúsi laganna

Um 90 lögmennt skipta á milli sín að koma á skrifstofu LMFÍ einu sinni í viku yfir vetrarmánuðina til að veita almenningi ókeypis lögfræðiráðgjöf. Auk þess eru nokkrir nýir lögmennt tilbúnir að taka þær vaktir sem losna en að sögn Ingimars Ingasonar, framkvæmdastjóra LMFÍ, hefur aldrei verið mikið mál að fá lögmennt til að taka þátt í þessu starfi Lögmannafélagsins.

„Þetta er gríðarlega mikilvæg og að sama skapi vel þegin þjónusta, sérstaklega í dag. Fjöldi fólks stendur nú frammi fyrir miklum breytingum á sínum högum en fjárhagslegum erfiðleikum fylgir oft persónulegur ágreiningur og fleiri vandamál. Þótt lögmannavaktinni sé í sjálfu sér ekki ætlað að leysa þessi vandamál geta lögmenntirnir sem henni sinna verið nokkurs

konar vegvísar sem veita upplýsingar um réttarstöðu hlutaðeigandi og benda á hvaða leiðir séu í boði,“ segir Ingimar.

Hvernig skipuleggur félagið vaktina?

„Lögmannavaktin er að jafnaði skipulögð í rúmt ár í senn, allt eftir því hversu margir lögmennt eru skráðir á vaktalistann hverju sinni. Þegar líður að endurnýjun sendum við tölvupóst á sjálfstætt starfandi lögmennt og fulltrúa þeirra sem komið hafa nýir inn í félagið frá útgáfu síðasta lista og gefum þeim kost á að skrá sig fyrir vöktum. Einn aðalmaður er fyrir hvern þriðjudag og annar til vara sem mætir aðeins ef aðalmaður forfallast eða bókanir á vaktina fara yfir tiltekinn fjölda.“



Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri LMFÍ.

Veitir ekki af þjónustunni

Indriði Þorkelsson hrl. tók í fyrsta skipti þátt í Lögmannavaktinni í byrjun júní sl. Hann hefur starfað sem lögmaður í tæplega aldarfjórðung og síðast þegar beðið var um sjálfboðaliða á vaktina ákvað hann að svara kalli Lögmannafélagsins.

„Með þessu vil ég taka þátt í störfum Lögmannafélagsins og þetta er sjálfsgöð þjónusta sem veitir ekkert af,“ sagði hann í samtali við Lögmannablaðið.

Hvernig fólk sótti vaktina í þetta sinn?

„Þetta var öll flóran en allir áttu það sameiginlegt að bera upp lögfræðileg vandamál, af ýmsum stærðum og gerðum. Það er greinilegt að efnahags-hrunið hefur áhrif því þarna kom fólk

með mjög erfiða fjárhagsstöðu. Svo voru reyndar einnig skilnaðar- og sífjaréttarmál. Af þeim sex sem sóttu vaktina þurftu þrjú meiri lögmannsaðstoð en ég gat veitt með stuttu viðtali. Hinum gat ég leiðbeint áfram.“

Sinnir þú „pro bono“ í starfi þínu sem lögmaður?

„Ég hef alltaf gert eitthvað af því. Ég hygg að það fylgi hreinlega þessu starfi að þurfa í einhverjum tilvikum að aðstoða einstaklinga án þess að greitt sé fyrir þjónustuna. Slík tilvik geta veitt manni ánægju, þetta eru oft einstaklingar með margvísleg vandamál og maður öðlast meiri reynslu og fær þakklæti fyrir aðstoðina ef vel gengur.“



Indriði Þorkelsson hrl.

CREDITINFO ÍSLAND
UPPLÝST ÁKVÖRÐUN SKILVIRKARI STJÓRNUN



Lárentsínus Kristjánsson hrl.

Umræðan

Ályktun sem stjórn Lögmannafélags Íslands sendi frá sér á dögnum vakti talsverð viðbrögð. Er um viðbrögðin þó einkum skírskotað til umræðna á spjallvefjum þar sem menn fóru oft mikinn og vildu sumir hverjir meina að oftast en ekki væru annarleg sjónarmið sem byggju að baki því þegar lögmennteldu ástæðu til að álykta með þessum hætti. Ég kveinka mér ekki undan gagnrýni þótt mér finnst þessi nálgun ómakleg en bendi þó á að í ályktuninni var fyrst og fremst minnt á nokkur grundvallaratriði réttarríkis líkt og stjórn félagsins hefur gert nokkrum sinnum frá því bankakerfið í landinu hrundi í október sl. og sem stjórnir félagsins hafa auðvitað gert margsinnis áður.

Ég tel að það geti aldrei verið nema til góðs að rifja upp reglulega slík grundvallarréttindi og þá kannski sérstaklega á miklum óvissu- og óróatímum. Lögmannafélag Íslands mun fyrir sitt leyti halda því áfram í hvert sinn sem ástæða þykir til.

Hitt er einnig mjög mikilvægt að ef við Íslendingar teljum að gera þurfi einhverjar eða eftir atvikum meiriháttar breytingar á réttarkerfi okkar og þá einkum refsivörslunni, eins og mest hefur verið rætt um undanfarið, þá verður sú umræða að vera yfirveguð og upplýst. Grundvallarbreytingar hafa í

gegnum tíðina orðið á löggjöf og stjórnskipan þjóða eftir mikil áföll eða átök. Ég er þess fullviss að þegar mesta rykið er sest og við sjáum loksins til sólar eftir þessar efnahagslegu hamfarir sem á okkur hafa dunið þá eigi eftir að

halda áfram og ef eitthvað er, aukast umræða um það lagaumhverfi sem við höfum búið okkur og það hvernig það hefur þá nýst okkur til að bregðast við og leysa úr þeim úrlausnarefnum sem blasa við allt um kring.


**Þýðingar
og textaráðgjöf**

Löggiltar og almennar þýðingar,
Dóm- og skýrslutökutúlkun.

Ellen Ingvadóttir

Löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi.
Brautarholti 28 • 105 Reykjavík

sími: 562-6588
bréfsími: 562-6551
GSM: 897-2717
netfang: ellening@simnet.is



Samsetning (%) félagsmanna í LMFÍ eftir því hvar þeir starfa.

Fjöldi félagsmanna LMFÍ yfir 800

Fjöldi félagsmanna í Lögmannafélagi Íslands er nú kominn yfir 800, nánar tiltekið í 804. Af þeim eru héraðsdómslögmennt 544 talsins og hæstaréttarlögmennt 260. 350 lögmennt eru sjálfstætt starfandi og 141 lögmaður fulltrúi sjálfstætt starfandi lögmanna. Innanhússlögmennt hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum eru 266, þar af 81 hjá ríki eða sveitarfélögum og 185 hjá fyrirtækjum og félagasamtökum (af þeim 112 hjá bönkum og fjármálafyrirtækjum). 47 lögmennt stunda ekki lögmannsstörf

sökum aldurs, sjúkleika eða af öðrum ástæðum.


Konum hefur fjölgað jafn og þétt í Lögmannafélaginu undanfarin ár og er hlutfall þeirra komið í 25,4%, samanborið við 14,9% árið 1999.

204 konur eru félagsmennt í Lögmannafélaginu en þar af eru 29 hæstaréttarlögmennt. 62 konur eru sjálfstætt starfandi lögmennt og 50 starfa sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna.


89 konur eru innanhússlögmennt hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum, þar af 32 hjá ríki eða sveitarfélögum og 57 hjá fyrirtækjum og félagasamtökum (af þeim 35 hjá bönkum og fjármálafyrirtækjum). Loks eru 3 konur í félaginu hættar störfum.

600 karlar eru félagsmennt í Lögmannafélaginu en þar af er 231 hæstaréttarlögmaður. 288 karlar eru sjálfstætt starfandi lögmennt og 91 er fulltrúi sjálfstætt starfandi lögmanna. 177 karlar eru innanhússlögmennt hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum, þar af 49 hjá ríki eða sveitarfélögum og 128 hjá fyrirtækjum eða félagasamtökum (af þeim 77 hjá bönkum og fjármálafyrirtækjum). Þá eru 44 karlar í félaginu hættir störfum.


Sé aldursdreifing félagsmanna skoðuð kemur í ljós að hlutfall kvenna er hæst meðal yngstu kynslóða lögmanna sem kemur ekki á óvart. 83% kvenna í lögmannastétt eru 49 ára eða yngri á móti 58,5% karla.




Grafið sýnir fjölgun félagsmanna í Lögmannafélagi á tímabilinu 1999-2009.



Aldurshlutfall (%) lögmanna eftir kynjum, þ.e. hlutfallsleg skipting á tilteknum aldurs skeiðum.



Aldursdreifing karla í LMFÍ eftir því hvar þeir starfa.



Aldursdreifing kvenna í LMFÍ eftir því hvar þær starfa.


Sé þetta brotið niður eftir því hvar félagsmenn starfa kemur í ljós athyglisverður munur milli kynjanna. Þannig er 41% karla, undir 49 ára aldri, sjálfstætt starfandi en aðeins 25% kvenna. Hlutfall karla, 49 ára og yngri, sem eru fulltrúar á lögmennstofum er 22%, á móti 28% kvenna. Þá er hlutfall innanhússlögmanna, miðað við sömu aldursforsendur, 37% hjá körlum en 46% hjá konum.

Þegar sambærileg skipting er skoðuð hjá lögmönnum 50 ára og eldri kemur í ljós að munurinn milli kynja er minni. Þannig er hlutfall sjálfstætt starfandi karla í 57% en kvenna 56%. 6% allra í þessum aldursflokki eru fulltrúar en hins vegar er töluverður munur á hlutfalli kynjanna þegar kemur að innanhússlögmönnum. Þar eru 19% karla á móti 29% kvenna í þessum aldurshópi.

Ingimar Ingason



Skipting (%) kvenna í LMFÍ eftir því hvar þær starfa.



Skipting (%) karla í LMFÍ eftir því hvar þeir starfa.



Eyrún Ingadóttir

Sumarblíða

Sumarið 2009 er runnið upp og þar sem eiginlega enginn ætlar að sigla utan þá er mælt með því að vaka bjarta sumarnótt, dansa vikivaka, ganga til fjalla með flatbrauð og hangikjöt í nesti, veiða murtu, leita álfa og söngla um sól og sumaryl í lystigarðinum á Akureyri. Þá er lífið gott.

Gæðaeftirlit námskeiða

Á vorönn sóttu 154 lögmenn sjö námskeið sem haldin voru á vegum félagsdeildar en þrjú námskeið voru felld niður vegna lélegrar aðsóknar. Stærsta námskeiðið var „Ný lög um meðferð sakamála“ sem Eiríkur Tómasson kenndi og voru þátttakendur 40. Að loknum námskeiðum er gert gæðamat þar sem þátttakendur eru beðnir um endurgjöf á kennslu og námsefni. Námskeiðsmatið gefur mikilvægar upplýsingar um hvernig til hafi tekist og í þeim undantekningarfallum þegar þátttakendur hafa verið óánægðir hefur verið brugðist við með viðeigandi hætti. Gæðaeftirlit sem þetta er afar mikilvægt enda er tilgangur námskeiðahalds fyrst og fremst að veita félagsmönnum endurmenntun og góða þjónustu. Þátttakendur eru einnig beðnir um að koma með hugmyndir að námskeiðum en stjórn námssjóðs vinnur síðan með starfsmanni félags-

deildar að undirbúningi námskeiða næstu annar. Öllum hugmyndum er tekið fagnandi.

Félagatal á heimasíðu


Heimsóknir á heimasíðu LMFÍ eru að jafnaði um 14500 á mánuði. Langflestar þeirra eru vegna leitar að lögmanni en sjálfstætt starfandi lögmenn og fulltrúar á lögmennsstofum eru flestir tengdir Lögmennalistanum sem er ætlaður til að auðvelda almenningi að finna lögmann með sérhæfingu. Á heimasíðunni er einnig listi undir „handbók lögmanna“ sem heitir „innanhuslögmenn“ en á honum eru allir lögmenn sem starfa hjá fyrirtækjum og

stofnunum. Þar er einnig að finna allt félagatalið.

Miðlarinn

Heimasíða LMFÍ miðlar ýmsum upplýsingum til lögmanna. Meðal þess sem hefur aukist talsvert undanfarið eru auglýsingar á upplýsingatorginu Miðlaranum en þar gefst lögmönnum kostur á að setja auglýsingar um húsnæði og störf. Frá og með 1. júní kostar kr. 5000,- að setja auglýsingu á Miðlarann en sem stendur eru auglýst þar til leigu skrifstofuhúsnæði.

Njótið sumarblíðunnar



Af Merði lögmanni

Merði er öllum lokið. Þrátt fyrir að eiga kunningja í Þingholtunum á Mördur enga vini svo heitið geti. Þá er heldur engin meyllan þessi dægri þótt sú hafi verið tíðin að hann hafi þótt heitasti bitinn í sinni sveit. Þótti vænlegur til framtíðarsköffunar þegar fréttist að hann ætlaði að leggja fyrir sig Fræðin.

Á skólaárum Marðar var ekki hægt að verða sér úti um lagagráðu í hverri sundlaug á landinu eins og nú og því þótti enn tíðindum sæta hjá heimasætunum ef sveitungur ætlaði sér í Fræðin. Sér í lagi þótti slíkt tíðindi ef um var að ræða framsóknarmann enda þekkt staðreynd að útskrifuð eintök úr þeim ranni þurftu ekki að sýna fram á vott af einu né neinu til að tryggur væri farboði til framtíðar í gegnum opin og gagnsæ úthlutunarferli flokksbræðra.

Þó að engir séu vinirnir eða meyllan er Mördur þó málkunnugur nokkrum kollegum og þekkir til nokkurra til viðbótar. Nú er svo komið að allir þeir sem hann þekkir til úr stéttinni hafa verið skipaðir í einhverskonar slita- eða skilaneindir yfir hræi bankastofnunar eða til aðstoðar einhverjum af þeim mýmörgu „fjárfestingafélögum“ sem ekki hikuðu við að bjóða fulltrúum lífeyrissjóða í þyrluflug upp á toppinn á Hvannadalshnjúk þar sem framreiddur var dýrasti kaviár af barmi hreinna meylla við undirspil strengisveitarinnar sem spilaði á dekki Titanic þegar það sökk. Því fer fjarri að Mördur skilji hvert sé hlutverk þessara nefnda, hvað þá hvernig menn úr hans stétt geti hugsanlega haft þekkingu eða yfirsýn til að stjórna þeim.

Það sem Mördur skilur hinsvegar er að skipun í nefndir af þessu tagi virðist jafngilda áskrift á tímaskráningar, í mörg ár, á dónagjaldinu, með ríkisábyrgð fyrir greiðslu og ef einhver spyr þá virðist nægja að segja að þú sért að bíða eftir því að menn klári skiptinguna milli hræjanna og „nýju“ hræjanna. Þetta finnst Merði fín tilhugsun. Hann hefur því beðið rólegur eftir því, síðan allt hrundi í haust, að flokksskrifeinið skili sér sæti í einhverri slitskilanefnidinni eða titli sem umsjónar og/ eða tilsjónarmaður yfir svoleiðis nefnd.

Ekkert gerist og er Mördur farinn að óttast að fljótlega verði erfitt að skálda upp ný heiti á embættum til að skipa lögmenn í og nú þegar sé búið að skipa slitskilatilsjónarmenn fyrir allan peninginn. Hann hefur því líklega misst af þessum smjörbát. Það finnst Merði bölvánlegt en hefur hingað til huggað sig við það að það hljóti bara að vera tímaspursmál þar til góður og heilbrigður kunningssskapur Marðar við lykilmenn við Lækjatorg skilar honum einhverju stórprotabúinu þó að það virðist vera eins og að símanúmerið hans hafi afmáðst af lista héraðsdómstólana eða jafnvel að dómstólarnir þekki ekki faxnúmerið hans.

Mördur er ekki með netfang. Það er heilbrigð íhaldssemi. Sími og símbref eru samskiptatæki sem að dugðu vel á sinni tíð og gera enn. Menn þurfa ekki að elta uppi allar nýjungar. Mördur stóð fyrir utan græðgisvæðinguna, veðsetti ekki innnyflin í sér til að kaupa blóðrur. Menn töldu það gamaldags. Það hefur nú sannað sig að viðhorf Marðar var traust í þeim efnum og það sama á við um netföng og fleira tölvudót. Reyndar hefur hann nýlega heyrt um einhverja heimasíðu þar sem þykir viðurkennd hegðun að kollegar, síst meira frambærilegir en hann eða mikið yngri, eigi opinber daðurssamskipti við tugi ungra kvenna samtímis. Þar þykir Merði loks komin raunveruleg ástæða til að kaupa sér „internetið“!

Tjallar í tuðrutraðki



Ian Cater, forsprakki ensku knattspyrnumannanna, afhendir Smári Hilmarssyni, knattspyrnustjóra IceBar, skjöld í þakklátisskyni fyrir skipulagningu mótsins.



Enskir og íslenskir sparkarar saman að móti loknu.

Fótboltalið breskrar lögmennsstofu heimsótti íslenska lögmenn í júnímánuði og var efnt til knattspyrnumóts að því tilefni á gervigrasvelli Fram við Safamýri. Daginn áður höfðu bresku lögmennirnir spilað við lögmennsstofurnar BBA//legal og LOGOS.

Þrátt fyrir dramatísk samskipti landanna síðustu mánuði fór vel á með lögmönnunum og til að mynda voru fótboltalið Tjallanna nefnd Icesave1 og Icesave2 og íslenska liðið IceBar. Leikar fóru þannig að IceBar sigraði Icesave1 með fimm mörkum gegn engu og Icesave2 með þremur mörkum gegn einu. Lið Icesave2 sigraði lið Icesave 1 með þremur mörkum gegn einu í lokaleik mótsins.

Pegar úrslit lágu fyrir hrökk limra af vörum skálds nokkurs:

In the middle of crises and fall,
the Brits came to play with a ball,
in the nice summer weather,
they kicked around leather,
but weren't so good after all.

Rannsókn á misferli



Fjársvik og misferli af ýmsum toga er oft fylgifiskur breytilegs viðskiptaumhverfis og er ógn við heilbrigðan fyrirtækjarekstur. KPMG aðstoðar skiptastjóra og lögmenn við rannsókn á meintu misferli.

Nánari upplýsingar veitir:
Helga Harðardóttir
s. 545 6204, hhardardottir@kpmg.is

kpmg.is

AUDIT ■ TAX ■ ADVISORY

Gönguferð að hliði Helvítis



Hekla er 1491 metri að hæð en gönguhækkun frá Skjólkvíum er 1040 metrar.

Náttúrufræðingarnir Bjarni Pálsson og Eggert Ólafsson gengu fyrstir manna á fjallið árið 1750 og var gangan talin táknrænn viðburður sem markaði þáttaskil, bæði sem könnunarleiðangur og uppreisn gegn gömlum hindurvitnum. Síðan þá hafa margir gengið upp á fjallið og haft gaman af.

Laugardagsmorguninn 13. júní lagði 51 manns hópur af stað á jeppum frá Álftamýri 9. Ekið var í Skjólkvíar við Heklurætur og þaðan lagt af stað í blíðviðri upp á Heklu. Fyrir gönguna hafði Ari Trausti Guðmundsson jarðfræðingur komið á fund og frætt ferðalanga um jarðsögu fjallsins. Þar kom meðal annars fram að búist er við gosi á næstu tveimur árum en mælar á fjallinu gefa vísindamönnum vísbendingu um hvað er í vændum með eins til tveggja klukkustunda fyrirvara.

Hekla var lengi talin vera hlið Helvítis og er ekki að undra því þegar upp er komið þá rýkur úr toppnum. Göngumenn urðu þó einskis varir en sagður var brandari um verkfræðinginn sem var sendur niður til Helvítis fyrir mistök. Innan skamms var þar komin fínasta loftræsting og Guð var ekki sáttur.

Hann vildi fá verkfræðinginn upp til sín og hótaði málaferlum ef Fjandinn sendi verkfræðinginn ekki eins og skot upp. Þá glotti Fjandinn og sagði „Þú í mál? Með hvaða lögfræðinga?“

Þegar hópurinn hafði áð um stund á toppi Heklu breyttist veðrið og á niðurléið hreppti hann rigningu og haglé. Ekki þótti ferðalöngum það verra eða eins og einn orðaði það: „Mikið var þetta vellukkað allt saman, veðrið dásamlegt, haglélið og allt.“

Að lokinni göngu var farið í Heklusetrið á Leirubakka en þar er merkileg sögusýning um fjallið. Svo var farið í heita potta og víkingalaug og að lokum borðaður kvöldverður.



„Lofa skal mey á toppi“ sagði einn göngumanna spekingslega við Guðrúnu Sesselju Arnardóttur (t.v.) í byrjun göngu en hún hafði lokið hrl. prófraun daginn áður og fagnað með viðeigandi hætti. Hér er hún ásamt Evu Bryndísi Helgadóttur á toppnum. Þar rauk úr hrauninu og ekki laust við að ónotatilfinning blandaðist ánægjunni við að vera komin upp.

BREYTING Á FÉLAGATALI

Ný máflutningsréttindi fyrir Hæstarétti Íslands

Eva Dís Pálmadóttir hrl.

Regula lögmannsstofa
Lagarási 4
700 Selfoss
Sími: 580-7900

Indriði Porkelsson hrl.

Juris Almenna lögfræðistofan
Lágmúla 7
108 Reykjavík
Sími: 588-4400

Bjarni Hauksson hrl.

Nýi Kaupþing banki hf
Borgartúni 19
105 Reykjavík
Sími: 444-6169

Jónas Þór Jónasson hrl.

Lögmenn Jónas & Jónas Þór sf.
Stórhöfða 25
110 Reykjavík
Sími: 575-9066

Guðmundur Ágústsson hrl.

Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Sími: 568-9559

Ný máflutningsréttindi fyrir héraðsdómi

Garðar Viðir Gunnarsson hdl.

Friðsi fjárfestingarbankinn hf.
Lágmúla 6
108 Reykjavík
Sími: 540-5000

Grétar Ingi Grétarsson hdl.

PG Verktakar ehf.
Fossaleyni 16
112 Reykjavík
Sími: 534-8400

Steinn S. Finnbogason hdl.

Lagastoð lögfræðipjónusta ehf.
Lágmúla 7
108 Reykjavík
Sími: 581-1190

Jóhannes Árnason hdl.

J og S lögmenn
Klapparstíg 16
101 Reykjavík
Sími: 561-5700

Guðriður Lára Prastardóttir hdl.

Opus lögmenn ehf.
Þinghóltsstræti 23
101 Reykjavík
Sími: 552-2299

Jón Kristinn Sverrisson hdl.

NBI hf.
Austurstræti 11
155 Reykjavík
Sími: 410-7755

Ragnar Guðmundsson hdl.

Fulltingi lögfræðipjónusta
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Sími: 533-2050

Inga Lillý Brynjólfssdóttir hdl.

Fulltingi lögfræðipjónusta
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Sími: 533-2050

Hilmar Gunnarsson hdl.

Mörkin Lögmannsstofa
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík
Sími: 414-4100

Dagmar Ösp Vésteinsdóttir hdl.

LRH
Hverfisgötu 115
105 Reykjavík
Sími: 444-1000

Bryndís Bacmann Gunnarsdóttir hdl.

Sýslumaðurinn í Reykjavík
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík
Sími: 569-2460

Vigdís Ósk Sveinsdóttir hdl.

Lögmenn Höfðabakka
Höfðabakka 9
113 Reykjavík
Sími: 587-1286

Jóhann Magnús Jóhannsson hdl.

LOGOS lögmannspjónusta
Efstaleiti 5
103 Reykjavík
Sími: 860-2332

Elísabet Júlíusdóttir hdl.

Nýi Kaupþingbanki hf.
Borgartúni 19
105 Reykjavík
Sími: 444-7000

Benedetto Val Nardini hdl.

BBA Legal ehf.
Skógarhlíð 12
105 Reykjavík
Sími: 550-0505

Björk Viðarsdóttir hdl.

Tryggingamiðstöðin hf.
Síðumúla 24
108 Reykjavík
Sími: 515-2608

Ingvar Örn Sighvatsson hdl.

Íslandsbanki
Kirkjusandi 2
155 Reykjavík
Sími: 440-4835

Jóhannes Stefán Ólafsson hdl.

Virtus lögmannspjónusta
Laugavegi 170
101 Reykjavík
Sími: 414-3200

Höskuldur Eiríksson hdl.

BBA Legal ehf.
Skógarhlíð 12
105 Reykjavík
Sími: 550-0516

Nýr vinnustaður

Erla Skúladóttir hdl.

Málþing ehf.
Ingólfsstræti 3
101 Reykjavík
Sími: 861-8200

Gunnar Svavar Friðriksson hdl.

VSF fjárfestingabaki
Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími: 570-1200

Guðfinna H. Þórisdóttir hdl.

Glitnir banki hf.
Sóltúni 26
105 Reykjavík
Sími: 440-2515

Egill Þorvarðarson hdl.

Lögmenn Höfðabakka
Höfðabakka 9
110 Reykjavík
Sími: 587-1286

Rúrik Vatnarsson hdl.

Vátryggingafélag Íslands hf.
Ármúla 3
108 Reykjavík
Sími: 560-5315

Katrín Smári Ólafsdóttir hdl.

Lögmenn Borgartúni
Borgartúni 33
105 Reykjavík
Sími: 562-9888

Gylfi Jens Gylfason hdl.

Kollekta ehf.
Suðurlandsbraut 30, 5.hæð
108 Reykjavík
Sími: 515-7900

Ragnar Árni Sigurðsson hdl.

Nýi Kaupþing banki hf.
Austurstræti 11
101 Reykjavík
Sími: 410-7751

Geir Arnar Marelsson hdl.

Landsvirkjun
Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík
Sími: 515-9000

Jón Kristinn Sverrisson hdl.

Landsbanki Íslands
Austurstræti 16
101 Reykjavík
Sími: 410-3949

Nýtt aðsetur

Valgeir Kristinsson hrl.

Bæjarhrauni 12, 2.h.t.v.
220 Hafnarfirði
Sími: 564-2080

Gísli Gíslason hdl.

GLF ehf. Lögfræðistofa
Bankastræti 5, 3.hæð
101 Reykjavík
Sími: 587-2012

Þorsteinn Pétursson hdl.

Sigtúnum 3
800 Selfoss
Sími: 480-1100

Bjarni Hauksson hrl.

Lege lögmannsstofa
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Sími: 512-1250

Sigurður Valgeir Guðjónsson hdl.

Capacent Glacier ehf.
Borgartúni 27
105 Reykjavík
Sími: 440-1237



„Hef áhuga á að fara í sakamálin“

Í tilefni þess að Jóhannes varð 800. lögmaðurinn í LMFÍ var honum færður blómvöndur.

Jóhannes Stefán Ólafsson fékk héraðsdómslögmannsréttindi 5. maí síðastliðinn og er þar með félagsmaður númer 800 í Lögmannafélagi Íslands. Jóhannes útskrifaðist úr lagadeild Háskóla Íslands í október 2008 og sótti hdl. námskeið sem haldið var eftir áramótin 2009.

„Ég ákvað að læra lögfræði í menntaskóla og þá kom ekki annað til greina en að verða lögmaður.“ sagði Jóhannes í viðtali við Lögmannablaðið.

Hvernig fannst þér hdl. námskeiðið?

„Námskeiðið var bæði praktískt og skemmtilegt og ég græddi mikið á því. Það var gott að rifja upp réttarfarið og fleiri fög sem ég lærði í lagadeild Háskóla Íslands.“

Hvernig gekk að fá vinnu?

„Ég starfaði í félagsmálaráðuneytinu með náminu en hafði svo hug á að starfa hjá lögmannsstofu eftir það. Það tók þó nokkra mánuði að finna starf við

hæfi eftir útskrift. Eftir að ég byrjaði á hdl. námskeiðinu fékk ég starf sem fulltrúi hjá Virtus lögmönnum.“

Hvernig líkar þér lögmennskan?

„Þetta byrjar vel og mér líst vel á þetta. Ég hef nú þegar fengið að spreyta mig á ýmsum málum. Ég hef áhuga á ýmsum sviðum lögfræðinnar s.s. fasteignakauparétti, stjórnarsýslu- og sveitastjórnarrétti og þá hef ég jafnframt nokkurn áhuga á að starfa við sakamál í framtíðinni.“




Pórunn Guðmundsdóttir hrl. situr í prófnefnd til öflunar réttinda til að verða héraðsdómslögmaður og sá um að útskrifa 22 lögmannsefni á námskeiðinu. F.v. Björk Viðarsdóttir, Guðríður Lára Prastardóttir, Andri Gunnarsson og Ingólfur K. Magnússon.

Hdl.-námskeið í tíu ár

Þann 3. apríl s.l. útskrifuðust 22 lögmannsefni af námskeiði til öflunar réttinda til að vera héraðsdómslögmaður, en slíkt réttindanámskeið var nú haldið í ellefta sinn. Af þeim 22 sem luku námskeiðinu voru 6 konur og 16 karlar. Til fróðleiks má geta þess að alls hafa nú 399 lögfræðingar lokið nám-

skeiði til öflunar réttinda til að vera héraðsdómslögmaður á þeim tíu árum sem þessi námskeið hafa verið við líði. Af þessum fjölda þátttakenda eru 229 karlar (57,4%) og 170 konur (42,6%).





Hróbjartur Jónatansson hrl.

Af nauðsynjalausu laganna Reformatio

Mér hefur löngum þótt tilkynningarskylda 158 gr. EML vera dæmi um tilgangslausa og lítt skiljanlega lagareglu sem skortir praktískan tilgang en getur skapað leiðindi. Sér í lagi miðað við þær forneskjulegu samskiptaaðferðir sem Hæstiréttur ætlast til að stefndu og lögmenn þeirrar viðhafi í samskiptum við réttinn í tengslum við þessa tilkynningarskyldu. Í ákvæðinu er stefnda í hæstaréttarmáli gert skylt að tilkynna Hæstarétti „bréflega“ innan þingfestingarfrests áfrýjanda hvort að hann haldi uppi vörnum í málinu. Tilkynni stefndi ekki um varnir er litið svo á að hann krefjist staðfestingar héraðsdóms. Á stefndi þá ekki kost á að taka til varna í málinu nema upp á náð og miskunn Hæstaréttar sem getur heimilað honum varnir „ með eða án samþykkis áfrýjanda enda séu miklir hagsmunir í húfi fyrir hann og vanræksla hans þyki afsakanleg“ eins og segir í 158. grein. Þetta ákvæði kemur inn í EML með 12. gr. laga nr. 38, 1994 og í greinargerð segir að „ætlast er til að þessum heimildum yrði aðeins beitt í undantekningartilvikum“. Samkvæmt þessu er almenna reglan sú að stefndi missi rétt til varna láist honum að tilkynna Hæstarétti fyrirfram um varnir nema hann sýni réttinum fram á að skilyrði til að hleypa honum til varna séu uppfyllt. Augljóst er af ákvæðinu

að Hæstiréttur hefur sjálfðæmi um hvort varnir komist að eður ei og er vandséður tilgangur þess að vísa sérstaklega til afstöðu áfrýjanda í þessu sambandi úr því að hún skiptir bersýnilega ekki nokkru máli.

„Bréfleg“ tilkynningarskylda

En það eru ýmsar spurningar sem koma upp í hugann í tengslum við þessa sérstöku tilkynningarskyldu til Hæstaréttar. Fyrsta spurningin er auðvitað sú hvaða rök liggja til þess að tilkynna þurfi réttinum fyrir þingfestingu máls hvort að haldið verði uppi vörnum í máli. Hvaða hagsmuni hefur Hæstiréttur af slíkri tilkynningu? Það er ekki gert í héraði. Annað hvort mætir stefndi og heldur uppi vörnum eða ekki og í síðara tilvikinu er málið þá dæmt sem útivistarmál eftir reglu 113. gr. EML. Mér vitanlega hefur enginn bent á sérstaka þörf til þess að stefndi tilkynni héraðsdómi áður en mál er þingfest hvort hann hyggist taka til varna. Það gerir hann þegar mætt er við þingfestingu málsins og fær þá frest til greinargerðar. Gildir eitthvað annað um Hæstarétt? Er einhver sérstök ástæða fyrir því að stefndi skuli tilkynna fyrirfram um varnir til Hæstaréttar? Í greinargerð með ákvæðinu er ekki að finna útlistun á því af hverju þessarar

tilkynningar sé þörf og er því óljóst um ástæður þess að ákvæðið rataði inn í EML.

Tilgangur tilkynningarinnar getur tæpast verið sá að upplýsa Hæstarétt um það hver stefndi sé svo hægt verði að koma til hans tilkynningum um greinargerðarfrest og aðra framvindu í máli. Þegar áfrýjunargögnum er skilað til Hæstaréttar liggur fyrir að stefnda hefur verið birt áfrýjunarstefnan enda verður hæstaréttarmál ekki þingfest nema stefnan sé réttilega birt fyrir stefnda, sbr. 155. gr. EML. Í áfrýjunarstefnu skal getið um nafn, kennitölu og heimilisfang stefnda svo og fyrirsvartanna hans og því augljóst af stefnunni hvernig megi nálgast stefnda til að koma fram tilkynningum af hálfu réttarins ef því er að skipta. Þá tíðkast að lögmenn skrifi upp á birtingu áfrýjunarstefnu með þeim texta sem áskilinn er í 83. gr. EML, sem sé að samrit stefnu hafi verið afhent lögmanninum og að stefndi hafi falið honum að sækja þing fyrir sig við þingfestingu máls. Í því felst auðvitað yfirlýsing um að tekið verði til varna af hálfu stefnda. Sé það sérstakt kappsmál fyrir Hæstarétt að fá vitneskju um það hvort stefndi taki til varna í máli þá er það yfirleitt nægjanlega ljóst af lestri áfrýjunarstefnunnar við þingfestingu

máls og auk þess sem nafn lögmanns hans er skráð utan á málgögnin sem afhent eru Hæstarétti við þingfestingu málsins.

Með hliðsjón af þessu sýnist vart nokkur skynsamleg ástæða til þess að skylda stefnda, að viðlögðum réttinda- missi, til að tilkynna Hæstarétti sérstaklega um það hvort vörnum verði haldið uppi áður en mál er þingfest. Í velflest- um áfrýjuðum málum er tekið til varna og í þeim fáu sem ekki er tekið til varna þá kemur það í ljós eftir þingfestingu, ef stefndi kys að skila ekki greinargerð og hunsa varnir sem er afar fátítt. Þessi lagaregla er því, að mínu viti, dæmi um lagasmíð sem sé bæði gagnslaus og íþyngjandi og má að ósekju leggja af.

Tölvupóstur bréf eða ekki?

Hitt álitaefnið í tengslum við 158. gr. er svo túlkun Hæstaréttar á því hvernig framkvæma skuli tilkynningar samkvæmt ákvæðinu en þar hefur rétturinn skorið sig úr öðrum dóm- stólum landsins. Í ákvæðinu segir, eins og áður er getið, að stefndi skuli tilkynna Hæstarétti „bréflaga“ um varnir áður en mál skuli þingfest. Á tímum rafrænna samskipta hefur þróunin verið í þá átt, hvort heldur er í einkalífi eða vinnu, að fólk notar æ meira tölvupósta til samskipta í stað hefðbundinna sendibréfa og símtala. Fyrir allöngu síðan hófu héraðsdómstólar að senda boðanir um þinghöld til lögmannna í tölvupósti. Samkvæmt 92 gr. EML skulu „tilkynningar, sem dómari lætur frá sér fara til aðila, birtar eða sendar honum eða umboðsmanni hans á sannanlegan hátt eftir ákvörðun dómara...“ Það er því löngu orðið helgað að dómara telji tilkynningar með tölvupóstum fullnægja

áskilnaði 92. gr. laganna um sannanlega sendar tilkynningar til lögmannna og aðila og gerir enginn ágreining um það í dag.

Hæstiréttur hefur hins vegar neitað að samþykkja tilkynningu um varnir samkvæmt 158. gr. sem send er með tölvupósti með þeim rökum að hún sé ekki „bréflag“. Hins vegar hefur rétturinn fallist á að tilkynning sem send er til hans með faxi (símbréfi á finna máli) fullnægi því skilyrði. Þó er í reynd enginn munur á símbréfi og tölvupósti. Hvorugt telst vera bréf í hefðbundnum skilningi þess orðs og báðar aðferðirnar byggja á rafrænum samskiptum. Í fyrria tilvikinu prentast rafræna sendingin sjálfkrafa út þegar hún berst en í hinu tilvikinu vistast sendingin á tölvu viðtakanda.

Í greinargerð með 158. gr. segir m.a. að „tilkynningar af þessum toga yrði að senda með sannanlegum hætti, sbr. 92. gr. laga um meðferð einkamála, og væri dómnum lagt á vald hvernig það yrði gert hverju sinni, til dæmis með símbréfi eða póstsendri tilkynningu, en taka má fram að það sama mundi gilda um aðrar tilkynningar sem þyrfti að beina til aðilanna eða lögmannna þeirra samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.“ Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að allar tilkynningar frá Hæstarétti til lögmannna og aðila skuli vera að hætti 92. gr. EML eins og þær kunna að vera hverju sinni. Tilvísun til símbréfs eða póstsendinga er aðeins í dæmaskyni og ber ekki að skoða sem tæmandi talningu á lögleg- um sendingarmáta. Í ljósi þess að héraðsdómstólar nota tölvupóst til tilkynninga samkvæmt 92. gr. EML er bersýnilegt að engin lagaleg hindrun er á því að lögmennt og Hæstiréttur geti

átt sambærileg samskipti með tölvu- pósti.

Faxið sem ekki barst

Af hverju er ég að tjá mig um þetta? Jú, fyrir nokkru tilkynnti ég Hæstarétti á tölvupósti að ég tæki til varna í máli fyrir stefnda. Ég fékk svar um hæl frá skrifstofustjóra réttarins þar sem mér var bent á að tilkynning með þessum hætti væri ekki lögum samkvæmt. Í samtali kom fram að aðeins póstbréf og símbréf væru löglegur tilkynningarmáti og sendi ég því símbréf í framhaldinu til skrifstofustjóra Hæstaréttar með sama texta og tölvupósturinn innihélt. Leið svo og beið. Fékk ég í fyllingu tímans bréf frá Hæstarétti, undirritað af skrifstofustjóranum, sem var stílað á lögmann áfrýjanda en í afriti til mín þar sem lögmanninum var tjáð að ekki hefði borist tilkynning frá stefnda um varnir fyrir þingfestingu og áfrýjanda heimilað að leggja fram viðbótargögn áður en málið yrði dómtekið. Við eftirgrennslan kom í ljós að símbréfið mitt hafði ekki borist réttinum og „lögleg“ tilkynning um varnir því ekki komið tímanlega fram. Ekki kom þó til þess að þessi ágreiningur færi í sérstak- an úrskurð þar sem varnir voru heimil- aðar af réttinum en óneitanlega sýnir þessi atburðarrás hversu tilkynningar- skylda 158. gr. og túlkun skrifstofustjóra Hæstaréttar á ákvæðinu eiga skylt við „bureaucratisma“ þar sem reglurnar eru til reglnanna vegna.

Vonandi tekur Hæstiréttur upp sömu notkun á tölvupóstum og héraðs- dómstólarnir. Það er kominn tími til. Það er líka löngu tímabært að ræði um það hvernig auka megi rafræn samskipti meðal lögmannna og dómstóla.



Stór verk lítið mál

Litla & prent

Skemmuvegi 4 / 200 Kópavogi / Sími 540 1800
Fax 540 1801 / litla@prent.is / www.prent.is

Framhald af aðalmálstofu bls. 8

miklu fremur að endurskrifa stjórnarskránna þannig að sú stjórnskipan sem hefði fest sig í sessi hér á landi endurspegladist í stjórnarskránni.

Bryndís Hlökkversdóttir var í grófum dráttum sammála Björgu um þörfina á endurskoðun stjórnarskrárinnar en Njörður P. Njarðvík tók mun dýpra í árinna og sagði heildarendurskoðun á stjórnarskránni á núverandi grunni ekki fullnægjandi. Hann sagði tímabært að setja á laggirnar nýtt lýðveldi sem byggðist á lýðræði en ekki á flokksræði eins og raunin hefði verið fram til þessa. Fram kom hjá Nirði að framkvæmdar-

valdið hefði heljartök á löggjafanum og ráðherravald væri miklu meira en hjá nágrannalöndunum. Þessu þyrfti að breyta.

Síðastur í pallborði tók Hafsteinn Þór Hauksson til máls og lýsti hann sig í meginatriðum sammála sjónarmiðum Ragnhildar Helgadóttur. Hafsteinn benti sérstaklega á að það væri einmitt við þær aðstæður sem nú væru uppi sem ekki væri hættandi á stjórnskipulegar kollsteypur. Ef einhvern tímann væri þörf á festu og öryggi í stjórnskipan þá væri það nú. Þá sagðist Hafsteinn vera ósammála Björgu Thorarensen

með að breytingar á stjórnarskránni í smáskömmtum væru af hinu vonda. Hann sagði að þvert á móti þá væri æskilegt að stjórnskipanin tæki hægum breytingum.

Mjög fjörugar umræður spunnust í sal í framhaldi af erindi Bjargar og andsvörum þátttakenda í pallborði. Var fjölmörgum fyrirspurnum, ásamt ábendingum, beint til þátttakenda í pallborðsumræðum og ljóst að málefnið var gestu málstofunnar mjög hugleikið.

Borgar Þór Einarsson, hdl.

Framhald af málstofu II bls.10.

tilvikum sem um stofnun og starfrækslu Íslendinga á félögum í skattaskjólum væri að ræða hlytu önnur sjónarmið að ráða ferðinni, svo sem leynd um eignarhald eða ólögmet sjónarmið um skattundandrätt eða skattsvik. Þá vék Garðar að því að nýlegar breytingar á lögum um tekjuskatt nr. 90/2003, með innleiðingu svokallaðra CFC reglna sem ætlað væri að taka á hinu meinta vandamáli, væru vanhugsáðar og ekki

nægilega vel unnar, sköpuðu fjölmörg túlkunarvandamál, væru ósanngjarnar og vafi léki á hvort þær stæðust fyllilega EES samninginn.

Garðar Valdimarsson vék að því að honum þætti athyglisvert að Bretar og Bandaríkjamenn sem tali gegn skaðlegri skattasamkeppni innan OECD bjóði sjálfir kosti sem miði að því að laða til sín aðila sem vilja greiða lægri skatta,

þar á meðal auðmenn í London og þá aðila sem noti Delaware félög í Bandaríkjunum. Jafnframt þótti Garðari tíðindum sæta hversu mikið af peningum í aflandssjóðum stöfuðu frá nýlendu-kúgurum, vopnasölum og sjóræningjum án þess að stóru ríkin hreyfðu við hendi, en við hrun fjármálamarkaðarins hefði þótt eðlilegt að opna alla þessa sjóði.

Áslaug Gunnlaugsdóttir hdl.

Framhald af málstofu IV bls. 12.

skotið var til hennar á árunum 1995-2008 var tæplega þriðjungi vísað frá og í um helmingi tilfella var kröfum kvartanda hafnað.

Tryggvi Axelsson sagði vera mikla aukningu fyrirspurna og mála hjá Neytendastofu, einkum mála þar sem einstaklingar teldu sig hafa verið órétti beittir í viðskiptum sínum við fjármálfyrirtæki. Ása Ólafsdóttir lýsti nokkrum þeim breytingum sem hafa orðið á lagaumhverfinu í kjölfar fjármálakreppunnar, einkum þeim sem snúa að hagsmunum fjármálfyrirtækja gagnvart viðskiptavinum sínum. Benti hún m.a. á nýlega breytingu á lögum um ábyrgðarmenn sem veita heimild til að

fella slíka ábyrgð niður í sérstökum tilvikum. Af umræðum þátttakenda í kjölfarið mátti ráða að þess yrði ekki lengi að bíða að dómstólum yrði gert að skera úr um lögmæti slíkra gerninga.

Málefnið gefur tilefni til mjög víðtækra umræðna um réttindi viðskiptavina fjármálfyrirtækja og ógerningur er að ná utan um öll þau álitæfni sem vakna á svo stuttum tíma. Af framsöguerindum og umræðum í kjölfarið má þó ráða að mjög ítarlegt samevrópskt regluverk er til staðar um það hvernig starfsmenn fjármálfyrirtækja eigi að hegða sér í samskiptum við viðskiptavinina. Einnig eru til úrræði fyrir þá sem telja sig hafa verið órétti beittir í viðskiptum

sínum við fjármálfyrirtæki. Annars vegar með því að gera kröfu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálfyrirtæki að því gefnu að krafan sé tæk til meðferðar og hins vegar með því að fara með ágreininginn fyrir dómstóla. Vandamálið kunni að snúi að því að ekki hefur reynt á meginreglurnar í framkvæmd og því virðist virkni þeirra vera takmarkaðri fyrir vikið. Ekki sé því endilega svara að leita í frekari lagasetningu á sviðinu heldur beita þeim reglum sem fyrir eru.

Ingví Snær Einarsson hdl.

Arnbjörg Edda ráðin til félagsins



Pegar Páll S. Pálsson varð formaður LMFÍ 1973 ákvað hann að ráða skrifstofustjóra til félagsins. Ragnar Aðalsteinsson benti honum á Arnbjörgu Eddu Guðbjörnsdóttur sem hann réði til starfsins en Arnbjörg Edda var lögmansritari á skrifstofa Ágústs Fjeldsted á 7. áratugnum.

Lögmanna Edda, eins og hún var kölluð, gjörbreytti skrifstofu LMFÍ og gerði hana að alvöru tæki fyrir félagið. Edda var seinna framkvæmdastjóri Verkfræðingafélags Íslands og Félags löggiltra endurskoðenda.

Á myndinni er Arnbjörg Edda ásamt stjórn LMFÍ árið 1975-1976. F.v: Sveinn

Haukur Valdimarsson, Arnbjörg Edda Guðbjörnsdóttir, Páll S. Pálsson, Guðjón Steingrímsson, Ragnar Aðalsteinsson og Skúli Pálsson. Skrifstofa félagsins var á þeim tíma á Óðinsgötu 4.

Heimild: Ragnar Aðalsteinsson. Ljósmynd: Ljósmyndastofa Vigfúsar Sigurgeirssonar.

Framhald af málstofu V bls. 13.

sem stigveldi, með æðsta vald hjá ráðherra. Fyrirmyndina að þessu væri að finna í Danmörku. Agnes hélt því fram að þar sem mikil völd ráðherra fylgdu þessu fyrirkomulagi ætti að fylgja jafnmikil ábyrgð, bæði lagaleg og pólitísk.

Agnes gerði ábyrgð viðskiptaráðherra á Fjármálaeftirlitinu að sérstöku umtalsefni og sagði m.a. að ráðherra væri eftirlitsskyldur skv. lögum um Stjórnarráð Íslands, nánar til tekið 9. grein.

Benti hún á skýrslu um starfsskilyrði stjórnvalda, sem unnin var fyrir forsætisráðuneytið árið 1999 og lögð fyrir Alþingi, þar sem fjallað var um þetta. Agnes sagði að samkvæmt skýrslunni léki vafi á því hvort sjálfstæðar stofnanir falli undir eftirlit ráðherra, en þar sem lögin um Stjórnarráð Íslands tækju til allra stjórnarmálefna ríkisins, þ.m.t. þeirra sem heyra undir sjálfstæðar stofnanir, sé það nærtækast að eftirlitsskyldan taki til allra stjórnvalda. Orðalag stjórnarskrárinnar um

völd ráðherra styddu einnig þá niðurstöðu. Ef svo væri hlyti pólitísk ábyrgð ráðherra að vera einhver, hafi Fjármálaeftirlitið brugðist á einhvern hátt.

Að loknum framsögum og stuttum erindum þátttakenda í pallborði var tíminn því miður á þrotum. Lögmenn munu þó sjálfsagt fá mörg tækifæri til að ræða um neyðarlögin í framtíðinni, hvort sem er á þessum vettvangi eða öðrum.



VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtuþjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.



TCM INNHEIMTA
SUDURLANDSBRAUT 4A
108 REYKJAVÍK
www.tcm.is